# SIRKUS RVK EM

27. JANÚAR 2006 | 4. VIKA



ALLT UM EM SEM ÞÚ LEST EKKI Á ÍÞRÓTTASÍÐUM

ODDNÝ STURLUDÓTTIR OPNAR DYRNAR

STEINGRÍMUR NJÁLSSON SKRIFAR BÓK

TÍSKAN ÚR HJÁLPRÆÐISHERNUM OG RAUÐA KROSSINUM

# ÁFRAM ÍSLAND

ÍSLENSKA KARLA-LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA KEPPIR NÚ Á EM Í SVISS. ÞEIR ERU STRÁKARNIR OKKAR ÞAR TIL ANNAÐ KEMUR Í LJÓS.

STELPURNAR Í SÓFANUM

HOTPANTS ERU MEIRA KYNÆSANDI

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

# LÍKLEGA EINN BESTI SJÓNVARPSÞÁTTUR ALLRA TÍMA

**FYRSTI ÞÁTTURINN AF KÖLLUNUM FER Í LOFTIÐ Á SJÓNVARPSSTÖÐINNI SIRKUS Á MÁNUDAG KLUKKAN 20.30. GESTUR FYRSTA ÞÁTTARINS VERÐUR GUNNAR SIGURÐSSON, BETUR ÞEKKTUR SEM GUSSI GRÍNARI OG DYRAVÖRÐUR. HANN VERÐUR TEKINN Í EITT ALLSHERJAR MAKE-OVER OG LOFA KALLARNIR FRÁBÆRRI SKEMMTUN.**



KALLARNIR! FYRSTI ÞÁTTURINN ER Á MÁNUDAG KLUKKAN 20.30.

Ég held að nú loksins geti fjölskyldan sameinast fyrir framan viðtækin á mánudagskvöldum og horft á góðan þátt. Ég sendi þáttinn til Bandaríkjamanns sem er bæði grín- og markaðsfræðingur og hann fyllyrti að þetta væri einn besti sjónvarpsþáttur allra tíma," segir Partý-Hanz sem stjórnar þættinum ásamt sjálfum Gillzenegger.

„Okkar fyrsta viðfangsefni verður hann Gussi sem sló í gegn í þáttunum Fóstbræðrum um árið. Ég vil ekki gefa upp hvað við gerum með hann en ég lofa skotheldri skemmtun."

Mikil vinna hefur farið í þættina og tæknibrellur sem aldrei áður hafa litið dagsins ljós verða í þættinum. „Það er óhætt að segja að það sé ákveðinn Jerry Bruckheimer stíll á þáttunum. Við leitum mikið til Bruckheimers enda sá maður sem við berum hvað mesta virðingu fyrir í Hollywood, ásamt Nicholas Cage leikara og snillingi" segir Partýkvikindið að lokum.



FYRSTA VIÐFANGSEFNIÐ! GUSSI Á OLIVER VERÐUR HJÁ KÖLLUNUM Í FYRSTA ÞÆTTINUM.



HETJUR DRENGJANNA! JERRY BRUCKHEIMER OG NICOLAS CAGE

## SIRKUS MÆLIR MEÐ



Hommamyndinni Brokeback mountain. Ótrúlega vel heppnuð mynd frá meistara Ang Lee. Örsagan sem varð fáránlega löng mynd heppnast mjög vel. Tveir kúrekar sem byrja að sænga saman og geta ekki játað syndina í því samfélagi sem þeir búa í. Besta hommamynd sem gerð hefur verið.



Menningarreisu til Keflavíkur. Svo virðist sem allir láti sig vaða á djamm í Keflavík þessa dagana. Mikil gróska er í gamanlífinu þar í bæ enda fjölmargir flottirr skemmtistaðir á svæðinu. Nú síðast opnaði Atli skemmtanalögga Yello sem var fersk viðbót í flóruna. Einhverjir vilja meina að aðkomumenn séu lamdir í Keflavík en það er bara karlmannlegt að láta berja sig.



Reykjavík Pizza company á Laugavegi 81. Þetta eru sömu pitsur og eru á Eldsmiðjunni. Þarna getur maður hins vegar keypt sér sneiðar. Pitsurnar eru ferskar, matarmiklar og bragðgóðar. Það er frábært andrúmsloft á staðnum. New York stemning yfir staðnum sem er afar nútímalegur. Þér líður eins og þú sért kominn til útlanda. Flottur staður á tveimur hæðum.

# MR. SILLA GEFUR ÚT PLÖTU

Samkvæmt heimildum Sirkus RVK er Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt sem Mr. Silla, að vinna að sinni fyrstu sólóplötu. Silla hefur fengið nokkur tilboð og er í samningaviðræðum þessa dagana við hina ýmsu plötuútgefendur.

Silla spilaði svo eftirminnilega á Airwaves-hátíðinni og heillaði gesti og aðra tónlistarmenn, þar á meðal Daníel Ágúst.

Daníel fékk hana til þess að hita upp fyrir sig á útgáfutónleikum sínum í Íslensku óperunni. Fyrir forvitna þá er Mr. Silla að spila þann 3. febrúar í Nakta apanum ásamt fleiri tónlistarmönnum á borð við Mongoose, Steve Sampling, sem var áður þekktur undir nafninu Mezzias, og fleiri. Tilefni tónleikanna er opnun listasýningar hjá Tómasi Magnússyni, en hann er einmitt kærasti Sillu.



MR SILLA GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU PLÖTU


SIRKUS RVK

365

**Auglýsingastjóri:** Hannes Steindórsson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglysingar@365.is
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir og Sólmundur Hólm.
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja




Forsíðumyndina tók Hari af Unu Emilsdóttur

## EFNI


**4** – Emilía í Nylon böggaði Egil Helga á djamminu
**6-7** –Hotpants eru meira kynæsandi
**8** – Kings of hell eru skuggalegar fyrirsætur og rokkarar
**10-11** – Allt um EM sem stendur ekki á íþróttasíðunum
**12** – Oddný Sturludóttir opnar dyrnar
**14**– Spurningakeppni dyravarðanna
**16-17** – Steingrímur Njálsson gefur út bók
**22-23**– Tískan hjá Rauða krossinum og Hjálpræðishernum
**24** –Freaky fridays í gallerí gel
**29-31** –Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík






# GYM80 VIRKAR

## Lang ódýrustu kortin!

Bullandi tilboð á kortum fyrir stelpur í Janúar - 2 fyrir 1, besta verðið fyrir verður nú helmingi betra, ekki láta þetta tækifæri fram hjá þér fara.

Í Gym80 eru ný tæki og frábær aðstaða og þar starfa yfir 10 þrautþjálfaðir einkaþjálfarar þannig að allir ættu að geta komið sér í gott form.
Í Gym80 er einnig mikið úrval af fæðubótarefnum á frábæru verði.

Kíktu inn á heimasíðuna okkar www.gym80.is eða hafðu samband við okkur og fáðu nánari upplýsingar um bestu tilboðin í bænum.

## Opnunartími:

Mán-fim 06:00-22:00
Föstudagur 06:00-21:00
Laugardagur 09:00-17:00
Sunnudagur 12:00-17:00

GYM - 80, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík,
Sími 588-8383, e-mail: gym@gym80.is




# BÖGGAÐI EGIL HELGASON Á LAUGAVEGINUM

## EMILÍA BJÖRG ÓSKARSDÓTTIR OG STELPURNAR Í NYLON HALDA Í VÍKING TIL LUNDÚNA Í NÆSTA MÁNUÐI. SIRKUS RVK NÝTTI SÉR TÆKIFÆRIÐ OG YFIRHEYRÐI EMILÍU ÁÐUR EN HÚN HELDUR Á VIT ÆVINTÝRANNA.

**HEFUÐRU SÉÐ FORELDRA ÞÍNA ALLSBERA Á SAMA TÍMA?**
Nei,og mig langar ekki til þess að sjá það.

**LÍNA LANGSOKKUR EÐA EMIL Í KATTHOLTI?**
Lína!!! Glæsilegur kvenmaður og kröftug kelling. Reyndar er ég líka hrifin af Emil. Nafnið okkar er svipað og svona.

**EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR EINN MANN Í MANNKYNSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ HVER YRÐI ÞAÐ?**
No comment.

**LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?**
„Hæ skvís hvad á ad gera í kvöld?“ Þetta fékk ég frá Sóleyju vinkonu minni.

**BÝRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM HÆFILEIKUM?**
Ég get gert mig tileygða. Er það ekki soldið sérstakt?

**EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR TENGDARMÖMMU, HVER YRÐI FYRIR VALINU?**
Ég á fullkomna tengdamömmu og gæti ekki hugsað mér aðra.

**STYÐUR ÞÚ RÉTTINDABARÁTTU RAUÐHÆRÐRA Á ÍSLANDI?**
Rauðhært fólk er eins og allt annað. Ég hef mjög góð kynni af rauðhærðufólki.

**HEFURÐU SAGT, „VEIST'EKKI HVER ÉG ER“ Í BÆNUM?**
Nei, það er svo ofurhallærislegt. Ég myndi ALDREI gera það.

**ER SVITALYKT SEXÍ?**
Nei. Hún er allt annað en sexí. Ég kýs að menn noti svitalyktareyði.

**HVER ER LEIÐINLEGUST Í NYLON?**
Það er engin leiðinleg í Nylon. Þær eru allar ofboðslega skemmtilegar.

**HVERNIG MYNDIRÐU HAFA AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?**
Ljóshærð stelpa með græn augu og skemmtilegan húmor. Í leit að góðum félagsskap.



**HEFURÐU HÖSLAÐ ÚT Á AÐ ÞEKKJA UNNI BIRNU?**
Nei, ég hef ekkki gert það ennþá og hugsa að ég geri það aldrei. Vinskpur okkar er dýpri en svo að ég fari að nýta mér hana í slíkt.

**HEFURÐU SPÁÐ Í AÐ TATTÚERA NAFN KÆRASTA ÞÍNS Á RASSINN Á ÞÉR?**
Nei, ég held að það sé ávísun á það að fólk hætti saman. Leið og tattúið er komið þá er sambandið búið. Er það ekki alltaf þannig?

**FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR AÐ VINKONA ÞÍN EIGI SÆTARI KÆRASTA EN ÞÚ?**
Nei, það á engin sætari kærasta en ég. Finnst mér að minnsta kosti.

**EF ÞÚ SÆIR SILVÍU NÓTT FULLA NIÐRÍ BÆ MYNDIRÐU ÞÁ HRINGJA Í HÉR OG NÚ OG SEGJA ÞEIM FRÁ OG FÁ SMÁ AUKAPENING?**
Nei, ég styð ekki slíka hringingar. Allt svona finnst mér afar lágkúrulegt.



**HVAÐA FRÆGA FÓLK BÖGGARÐU ALLTAF Á DJAMMINU?**
Ég hef einu sinni böggað frægan. Þá var ég 17 ára og var að labba á Laugaveginum og Silfur Egils (Egill Helgason) gaurinn labbar framhjá. Ég kallaði á hann „hey Silfur Egils.“ Mjög asnalegt, ég veit það en þetta var í fyrsta og síðasta skiptið sem ég böggaði frægan.

**BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLENDA!**
Hefur þú gengið inn á foreldra þína í miðjum ástaratlotum?

# FYRIRMYNDIN Í FÓTBOLTANUM

## HETJAN MÍN

„Ég verð að segja Bryan Robson,“ segir Haraldur Sigfús Magnússon, betur þekktur sem Halli í Ástarfleyinu eða Kanturinn.„Þegar ég var um átta ára gamall að byrja að fylgjast með enska boltanum, þá var hann aðalmaðurinn í Manchester United,“ segir Kanturinn, sem er vitaskuld gallharður United maður.„Maður var lítill strákur í Sandgerði. Þarna var maður að byrja að fá bakteríuna.“ Sumarið 1995 gerði Alex Ferguson gríðarlegar breytingar á leikmannahóp sínum. Hann skipti gamla liðinu út og tefldi fram hálfgerðu unglingaliði.„Þá þurfti maður að velja sér nýja hetju. Valið stóð á milli Phils Neville og Beckhams. Ég valdi Beckham og það vildi bara svo skemmtilega til að hann sló í gegn,“ segir Kanturinn. Sjálfur er Kanturinn knattspyrnumaður en hann leikur með Reyni í Sandgerði. „Við erum í annarri deild en stefnum upp,“ segir Kanturinn í grínblandinni alvöru. Hann hefur sjálfur fengið smjörþefinn af lífi atvinnu knattspyrnumannsins því hann hefur æft með bæði Tottenham og Celtic.„Ég held að það hafi nú flestir prófað að fara út til reynslu,“ segir Kanturinn og vill ekki gera mikið úr þessum ferðum sínum. -SHS



BRYAN ROBSON MEÐ MANCHESTER UNITED Í APRÍL ÁRIÐ 1994.

KANTURINN ER MIKILL UNITED MAÐUR.

# SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ




Diet-vörum. Það hlýtur eitthvað að búa að baki þessu diet-rugli. Það drekkur enginn meira diet en feiti maðurinn. Fólk getur alveg eins sleppt því að vera í þessu light- og dietdrasli og þess í stað farið út að skokka með venulegt kók í brúsa.



Wannabe Gillzenegger's. Nú stíga reglulega fram menn sem hafa brugðið sér í ljós og lyftingar og ætla sér að verða arftakar Gillzeneggers. Þessir menn halda að brúnka og bodybuilding sé nóg til þess að verða negger en gleyma því að Gillzenegger hefur meðfædda kímnigáfu sem er ekki á hvers manns færi. Eflaust ágætis drengir en þá vantar herslumuninn og rúmlega það.



Heimskum starfsmönnum í lúgusjoppum. Það er alltaf hálf aulalegt að panta sér mat í gegnum lúgu. Það er hins vegar ennþá verra ef sá sem afgreiðir þig er nautheimskur og skilur ekkert hvers þú ert ferð á leit. Fáum fleiri kjarneðlisfræðinga í lúgusjoppur og þá fer þetta heldur betur að ganga.



Ótrúum handboltabullum. Strákarnir okkar eru núna farnir út til að spila á EM. Það er sorglegt hvað margar handboltabullur stíga fyrst fram þegar Ísland er komið í undanúrslit og tala um að þær hafi alltaf haft trú á liðinu. Jafnvel panta sér miða út. Hræsnarar. Þetta eiga að vera strákarnir okkar, sama hvað á bjátar.



Fólk sem fer ekki í sturtu áður en það fer í heita pottinn. Það er virkilega ógeðslegt að vera mættur í heita pottinn og komast að því að maðurinn sem situr við hliðina á þér er með skraufaþurrt hár. Það bendir til þess að hann hefur annað hvort ekki þrifið sig áður en hann fór út í eða fór í sturtu með plastpoka á hausnum. Hvort tveggja er asnalegt.




VINSÆLASTI SJÓNVARPSÞÁTTUR HEIMS ER NÚNA Á SIRKUS.
HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# HOTPANTS ERU MIKLU MEIRA KYNÆSANDI

**KÖLD ERU KVENNARÁÐ. ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIGGJA Á HLERI ÞEGAR KONUR KOMA SAMAN. SIRKUS RVK ER ENGIN UNDANTEKNING HVAÐ ÞAÐ VARÐAR OG FÉKK NOKKRAR STELPUR TIL ÞESS AÐ KÍKJA TIL SÍN Í RAUÐA SÓFANN OG SPJALLA. ÞÆR LÉTU MÓÐAN MÁSA OG DRÓGU EKKERT UNDAN.**



SELMA RUT INGVARSDÓTTIR, ER AÐ VINNA Á LEIKSKÓLA . VAR Í ÞRIGGJA ÁRA SAMBANDI EN ER Á LAUSU NÚNA.

ÓLÖF SIF HALLDÓRSDÓTTIR, ER AÐ VINNA Á LEIKSKÓLA OG ER Í FJARNÁMI. VAR Í ÁRSLÖNGU SAMBANDI EN ER Á LAUSU NÚNA.



TARA OG TARA VORU HRESSAR.



STELPURNAR LÉTU GAMMINN GEISA.



EFTIR SPJALLIÐ LÁ LEIÐ ÞEIRRA Á PENDULUM-DJAMM.



SELMA, ÓLÖF, TARA DÖGG, TARA OG ANNA KYNNTUST Í GEGNUM GAGGÓ, MENNTÓ OG DJAMMIÐ.



ANNA AÐ SEGJA EITTHVAÐ SNIÐUGT VIÐ STELPURNAR.

Stelpurnar sem mættu í sófann að þessu sinni kynntust í grunnskóla, Borgarholtsskóla og á djamminu. Svo eiga þær allar sameiginlega vini. Stelpurnar búa ýmist hjá foreldrum sínum eða einar en hvert ætli þær stefni?

### BARNALÆKNAR OG LISTAKONUR

*Hvað ætlið þið að verða í framtíðinni?*

Ólöf Sif: Mig langar til þess að verða barnalæknir. Það er reyndar svo langt nám, en mér finnst rosalega skemmtilegt að vinna með börnum. Líka barnasálfræði, svo langar mig til þess að fara til Bandaríkjanna í nám.

Tara Dögg: Sálfræðingur.

Anna: Mig langar líka til þess að verða barnalæknir. Mig er búið að langa til þess síðan ég var átta ára.

Tara: Mig langar í myndlist. Kanski í listaháskóla til útlanda. Ég er samt ekkert búin að ákveða mig.

Selma: Ég ætlaði alltaf að verða leikkona. Er ég samt sú eina sem er „lost" í lífinu, ég veit ekkert hvað ég ætla að gera?

Stelpurnar hlæja.

### TIPPASTRÁKAR OG NAUÐGARAR

*Hvernig eru íslenskir strákar?*

Selma: Þeir eru með typpi. Eins og krakkarnir segja á leikskólanum.

Tara Dögg: Þeir eru jafn misjafnir og þeir eru margir. En þeir eru flottir.

Selma: Ég hef samt lent í einhverjum þrem stokkerum

Ólöf: Já, guð, ég hef lent í svona stokkergaur. Það er hræðilegt

Tara: Það er einmitt erfitt þegar þeir skilja ekki skilaboðin sem maður er að senda þeim. Eins og að svara hvorki skilaboðum né símanum, samt halda þeir áfram að hringja.

Ólöf: Ég lenti í gaur þegar ég var sextán ára á skemmtistað sem hét Felix, þá sagði ég við hann að ég væri sextán ára. Þá var hann alveg, já, það er allt í lagi mín vegna en hann var 25 ára. Svo komst ég að því seinna að hann væri einhver nauðgari.

*Vissuð þið að hann væri nauðgari?*

Tara: Ég veit um tvær stelpur sem hafa lent í þessum gaur.

Ólöf: Hann var einmitt stokker, hann reyndi við mig í marga mánuði. Var alltaf að hringja á fullu og senda mér einhver skilaboð. Ég gaf honum bara óvart símanúmerið hjá mér, áður en ég vissi að hann væri 25 ára.

### TOTT EKKI BOÐSMIÐI Í PARTÍ

*Nú er mikið talað um að kynlíf hjá ungu kynslóðinni sé gróft. Er eitthvað hæft í því?*

Tara: Ég hef ekki kynnst því.

Ólöf: Ég hef alveg lent inni á heimasíðum þar sem þrettán ára stelpur eru að glenna á sér brjóstin og sýna myndir af sjálfum sér í stelllingu í sófanum heima.

Tara Dögg: Mér finnst samt umræðan um að stelpur þurfi að totta einhvern til þess að komast í partíin svolítið gróf. Ég hef aldrei lent í því.

Selma: Þessi umræða er búin að vera frekar lengi.

Ólöf: Við vorum bara á útifyllirium þegar við vorum yngri.

Tara: Ég held að landinn sé ekki málið lengur. En grunnskólakrakkar eru alveg að drekka hverja einustu helgi. En þetta með að það sé gróft kynlíf í gangi í partíum hefur alveg farið framhjá mér.

Ólöf: Ég hef bara séð þessar myndir á netinu.

Tara: Stelpurnar sem eru með þessar myndir á netinu eru ekki að skilja hvað þær eru að fá mikla neikvæða athygli.

### TALA BÓLFÉLAGA

Talið berst að íslenskum stúlkum og lauslæti þeirra.

Selma: Þær sem ég umgengst hafa ekkert verið að sofa hjá mörgum strákum.

Tara: Ég skil samt ekki af hverju fólk er alltaf að spá svo mikið í tölunum. Hve mörgum hin og þessi hafi sofið hjá.

Tara Dögg: Það skiptir samt máli og segir sitt um persónuna ef hann er búinn að sofa hjá 50 stelpum. Þá eru alveg miklar líkur á því að einhver þeirra sé kannski vinkona manns, sem er algjört turn-off.

Tara: En sumir strákar taka bara sitt flipp eins og stelpur. Maður á








TARA DÖGG TEKUR SIG TIGNARLEGA ÚT Í SÓFANUM.



TARA SKÁLAR.

ekki að dæma fólk af mistökum sem það gerir.

Anna : Allir verða samt að taka sitt flipp til þess að prófa sig áfram í lífinu. Og vita hvað þeir vilja.

Ólöf: Maður lærir af mistökum.

### HOTPANTS MEIRA KYNÆSANDI

Aukin klámvæðing er eitthvað sem fer ekki fram hjá neinum. Stúlkur klæðast efnisminni flíkum og meirihluti kvenna gengur um í G-streng.

Selma: Ég geng alveg í G-streng en mér finnst hipster/hotpants-nærbuxurnar bara miklu betri. Ég er orðin mjög pirruð á því að draga G-strenginn úr rassinum.

Tara: Hotpants eru miklu meira kynæsandi.

Stelpurnar eru sammála um að það að ganga í G-streng sé ekki það þægilegasta sem þær geri. En á djamminu láta þær sig stundum hafa það.

*Brazilian Wax?*

Tara: Við vorum einmitt að tala um þetta í gær.

Selma: Það eru voðalega margar sem gera þetta en ég get bara ekki hugsað mér að liggja glennt hjá einhverri konu sem rífur hárin af manni. Ég bara þori því ekki.

Ólöf: Getur maður ekki bara snyrt sig sjálf?

Selma: Ég snyrti mig bara fyrir sjálfa mig.

Anna: Já, maður snyrtir sig alveg fyrir sjálfan sig en hver veit hvar maður endar eftir djammið. Það er ekkert rosalegt turn-on fyrir stráka að sjá illa snyrtar stelpur.

### STRÁKAR VILJA PUTTA Í RASS

*Hvað finnst stelpunum um rassaríðingar?*

Ólöf: Mér finnst það ógeðslegt. Maður hefur alveg verið beðinn um það en ég segi bara: „Snertu ekki á mér rassgatið.“

Selma: Þetta er bara útgat en ekki inngat. Maður getur bara þjálfað á sér grindarbotnsvöðvann.

Ólöf: Ég hef líka heyrt um stelpur sem hafa slitnað og það hefur komið kúkur út um allt. Ég hef alveg heyrt margar svona sögur. Þetta er ekki eðlilegt fyrir líkamann, mér finnst þetta bara svo mikið turn-off.

Selma: Ef strákar hafa svona mikinn áhuga á endaþarmsþjappi, af hverju sofa þeir þá ekki bara hjá hvor öðrum? Ég hef alveg fengið þá tilfinninguna þegar ég hef verið beðin um þetta að strákurinn sé bara hommi.

Tara: Ef það nægir ekki að sofa hjá stelpu á eðlilegan hátt, þá hlýtur að vera eitthvað annað í gangi.

Selma: Það er samt allt í lagi að krydda kynlífið en það þarf ekkert endilega að vera að pota puttanum upp í rassinn.

Tara: Ég veit samt um stráka sem finnst það mjög gott að fá puttann í rassinn, ekki það að ég hafi lent í því, bara heyrt um það.

Anna: Mér finnst það frekar nastí

Selma: G-bletturinn er samt þarna einhvers staðar hjá strákum, það er fullt af gaurum sem vill láta stinga puttanum í rassinn á sér. Sérstaklega þegar þeir eru við það að fá það. Ég hef samt engan áhuga á að gera það.

Ólöf: Svo er maður nagandi puttann á sér daginn eftir.

Stelpurnar hlæja.

### KEYRANDI BÍL Á KÓKAÍNI

Umræðan um aukna fíkniefnanotkun meðal ungs fólks er ekki ný af nálinni.

Anna: Það er voða mikið í kringum mann.

Tara: Já, krakkar niður í fjórtán ára aldur. Þeir eru þá aðallega í hassi.

Anna: Og amfetamíni.

Selma: Mér hefði ekki dottið í hug að það væri svona mikið af fíkniefnum eins og er í raun.

Ólöf: Mér hefur alveg verið boðið. En ég er algjörlega á móti þessu.

Selma: Það er eins og að fólk líti ekki á fíkniefni sem vandamál. Því finnst þetta bara vera lífsstíll, sem er algjörlega röng hugsun.

Anna: Einmitt. Það lítur á þetta sem sjálfsagðan hlut.

Tara: Ég hef líka heyrt afsökunina: „Ég ætla bara að vera á bíl í kvöld – þess vegna tek ég bara kókaín en drekk ekki.“ Að lokum vilja stelpurnar endilega skila ástarkveðjum til Fazmó strákanna: „Sjáumst á Benidorm og Guðný mos er æði“. Annars vildu stelpurnar benda á heimasíðu sína www.blog.central.is/skech.



SIRKUSMYND HEIÐA

STRÁKARNIR BRUGÐU Á LEIK VIÐ BARINN.

HLJÓMSVEITIN KINGS OF HELL KOM TIL LANDSINS Á DÖGUNUM OG HÉLT VEL HEPPNAÐA TÓNLEIKA Á GAUKNUM OG BAR 11. BLAÐAMAÐUR SIRKUS RVK SETTIST NIÐUR MEÐ ÞEIM FÉLÖGUM OG RÆDDI UM ÍSLENSKU STELPURNAR, DRYKKJUNA OG FYRIRSÆTUBRANSANN.

# FYRIRSÆTUR OG ROKKARAR FRÁ HELVÍTI

Ljósmyndari Sirkuss er að leggja lokahönd á myndatöku af drengjunum í Kings of hell þegar blaðamann ber að garði á Bar 11. Það er laugardagur og klukkan er tvö að degi til. Þeir eru hressir en skuggalegir. Að minnsta kosti tveir þeirra. Húðflúraðir í bak og fyrir – ekta náungar sem maður sér í barsenu í Terminator, þá í hlutverki náunganna sem þurfa að afhenda Schwarzenegger leðurgallann sinn. Hljómsveitin er bandarísk, var stofnuð árið 2004 og hefur frægðarsólin risið hratt. Enda eiturfersk. Eftir að ljósmyndari hefur lokið sér af með drengjunum er komið að spjalli við Fish, Sarge, Rick og Dave.

**„ÉG ER MÓDEL"**

Nöfn hljómsveitarmeðlima eru horfin úr höfði blaðamanns enda eru þau aukaatriði. Fyrstur til að heilsa er söngvarinn. „Við fórum út á lífið í gær," segir hann og lætur vel af íslensku skemmtanalífi. Þeir fá sér sæti við lítið hringborð og kynna sig. Sarge, stórbeinóttur rauðhærður bassaleikari með fullt af húðflúrum, Fish, söngvari með enn meira af húðflúrum, Dave, stórbeinóttur trommari með ekkert húðflúr og Rick, gítarleikari sem hefur ekki heldur fengið sér húðflúr.

*Hvers vegna eruð þið ekki með húðflúr?*

„Ég er módel og get því miður ekki fengið mér húðflúr," segir Dave og kemst blaðamaður ekki hjá því að skella upp úr. Hann er sem betur fer að grínast. Rick segist ekki hafa áhuga á slíku en ber þó ekki módelstörf fyrir sig.

**TROMMARI Í HJÓNASKILNAÐI**

„Ég var svo fullur í gærkvöldi," segir Sarge. „Næturlífið hérna er frábært, og stelpurnar. Vá!"

*Tókstu stelpu með þér upp á hótel?*

„Heyrðu félagi, ég átti fullt í fangi með að koma sjálfum mér upp á hótel," segir hann og hlær. „Hann var of fullur. Okkur hinum gekk ágætlega," segir söngvarinn Fish. Rick var reyndar rólegur enda harðgiftur maður í Bandaríkjunum. Stórbeinótta fyrirsætan og trommuleikarinn er hins vegar á tímamótum. „Ég er að ganga frá skilnaði við konuna mína. Klára það um leið og ég kem aftur til Bandaríkjanna."

*Og þú getur ekki hætt að brosa yfir því?*

„Mikið rétt."



BASSALEIKARINN, GÍTARLEIKARINN, TROMMARINN OG FYRIRSÆTAN OG SÖNGVARINN.

**„JÁ, ÞAÐ ERU MJÖG MARGIR SEM AÐHYLLAST STEFNUNA ÚTI. ÞETTA ER Í RAUN LÍFSTÍLL. VIÐ ERUM BARA AÐ SYNGJA UM ÞAÐ SEM VIÐ ERUM AÐ GERA – DETTA Í ÞAÐ OG FARA Á KVENNAFAR."**

**DRYKKJA OG KVENNAFAR**

Útlit söngvarans og bassaleikarans hæfir meðlimum örgustu þungarokkssveitar. Nafnið myndi ekki síður henta fyrir álíka sveit.

*Ég man þegar ég fékk senda mynd af ykkur og geisladisk þá bjóst ég við að þið væruð argasta dauðarokkssveit. Svo setti ég diskinn í tækið og þá hljómaði bara dansvænt rokkabillí.*

„Já, ég veit," segir Fish. „Þetta nafn er upphaflega bara grín. Við vorum búnir að vera að leika okkur að spila og kölluðum okkur þetta í gríni. Síðan kom að því að við áttum að spila á stærri tónleikum og þá þurftum við að ákveða nafn á örskotsstundu. Okkur datt ekkert betra í hug," segir hann og hlær.

*Eru margir að hlusta á rokkabillí?*

„Já, það eru mjög margir sem aðhyllast stefnuna úti. Þetta er í raun lífstíll. Við erum bara að syngja um það sem við erum að gera – detta í það og fara á kvennafar."

Strákarnir hafa nóg að gera. Þeir munu haldar tónleikaför sinni áfram þegar þeir koma til Bandaríkjanna enda bandið á hraðri uppleið.

- SHS

## MANST´ EKK´ EFTIR MÉR?

# TÓK ÚT MÍNAR 15 MÍNÚTUR Í SPK

„Það er einstaka sinnum sem einhver minnist á þetta við mann," segir Ingvar Mar Jónsson flugmaður sem stjórnaði þættinum SPK í Ríkissjónvarpinu fyrir rúmum áratug. SPK var einstaklega vinsæll spurningaþáttur fyrir börn. Ef börnin gátu ekki svarað rétt helltist yfir þau grænt slím og svo lauk þættinum með því að keppendur og gestir í sjónvarpssal skelltu sér í körfubolta.

„Ég ætlaði mér aldrei að verða einhver sjónvarpsstjarna. Ég hafði bara ekki fengið vinnu við flugið og sá þetta auglýst í Morgunblaðinu. Ég sótti um og fékk starfið," segir Ingvar Mar, sem tók við af Jóni nokkrum sem hafði hætt. Jón gerði mikið af því að stæla hinn geðþekka bandaríska sjónvarpsmann, David Letterman, með blýantakasti og öðru slíku en Ingvar Mar var öllu rólegri og leyfði krökkunum að njóta sín.

„Þetta var mjög skemmtilegur tími. Og ég held að ég sé búinn að ljúka mínum fimmtán mínútum af frægð sem allir fá. Ég kann bara betur við mig í háloftunum."

Hætt var með þættina um vorið og Ingvar Mar fékk vinnu hjá Flugleiðum. Hann útilokar þó ekki alfarið endurkomu í sjónvarpið. „Maður veit aldrei, en ég á alls ekki von á því."

-HH





Bíldshöfða
Skipholti
Hafnarfirði
Kópavogi
AMERICAN STYLE
ERTU KOMIN MEÐ STYLE KORTIÐ?
TILBOÐ 1
GILDIR ALLA DAGA 13-18
ALVÖRU GRILLAÐUR
OSTBORGARI
FRANSKAR & COKE
FRÍ ÁFYLLING
685.-
AMERICAN STYLE
REYKJAVÍK • KÓPAVOGI • HAFNARFIRÐI
STYLE KORTIÐ GILDIR TIL 31.JÚLÍ 2006

MYNDIN ER AF UNU EMILSDÓTTUR. UNA ER 19 ÁRA GARÐBÆING-
UR OG LÝKUR STÚDENTSPRÓFI Í VOR FRÁ FJÖLBRAUTASKÓLAN-
UM Í GARÐABÆ, EINU ÁRI Á UNDAN JAFNÖLDRUM SÍNUM.




# ÞJÓÐSÖNGUR ÍSLANDS

*Ó, guð vors lands! Ó, lands vors guð!*
*Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!*
*Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans*
*þínir herskarar, tímanna safn.*
*Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár*
*og þúsund ár dagur, ei meir:*
*eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,*
*sem tilbiður guð sinn og deyr.*
*:,: Íslands þúsund ár, :,:*
*eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,*
*sem tilbiður guð sinn og deyr.*



SIRKUSMYND-HARI / BÚNINGUR ÚR VERSLUNINNI ÍÞRÓTT VIÐ ÁRMÚLA

# ALLT UM EM
# Í HANDBOLTA FYRIR BYRJENDUR

**VÆNTINGAR TIL ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í HANDBOLTA ERU MEIRI EN NOKKRU SINNI FYRR NÚ ÞEGAR EM Í SVISS ER FARIÐ AF STAÐ. ÍSLENSKA LIÐIÐ ER MEÐ MANNSKAP SEM GÆTI HÆGLEGA KOMIST Í VERÐLAUNASÆTI OG JAFNVEL UNNIÐ. SIRKUS RVK. KYNNIR HELSTU STJÖRNUR LIÐSINS, STYRKLEIKA OG HVERJIR ERU HVAÐ Í LIÐINU. EITTHVAÐ SEM VERÐUR EKKI FJALLAÐ UM Á ÍÞRÓTTASÍÐUM BLAÐANNA.**

## RIÐILLINN

Ísland er í C-riðli ásamt Serbíu og Svartfjallalandi, Danmörku og Ungverjum. Fyrirfram er þetta talinn næstléttasti riðillinn og ætti Ísland hæglega að geta komist upp í milliriðla. Til þess að komast í milliriðil þarf liðið að vera í einu af þremur efstu sætunum í riðlinum.

Komist liðið í milliriðil tekur það með sér stigin gegn hinum liðunum úr riðlinum sem einnig fara í milliriðil. Segjum að Ísland, Danmörk og Ungverjaland komist í milliriðil, þá tekur Ísland aðeins með sér þau stig sem liðið fær gegn Danmörku og Ungverjalandi. Ef þú skilur ekki þessa útskýringu hafðu þá samband í síma 515-7568 og milliriðlafyrirkomulagið verður útskýrt.



## SVÍAR EKKI MEÐ

Sænska landsliðið er aldrei þessu vant ekki með í keppninni. Liðið skeit á sig í undankeppninni og því þurfum við Íslendingar ekki að hafa áhyggjur af hinni frægu Svíagrýlu. En þeir gulklæddu hafa ætíð farið illa með okkur á stórmótum og skemmst er að minnast þess þegar þeir burstuðu okkur árið 1993 en þá léku Svíar í frægum „smokkabúningum".





## AÐALHETJUR ÍSLENSKA LIÐSINS



**Guðjón Valur Sigurðsson –** Þessi 26 ára Seltirningur er af mörgum handboltasérfræðingum talinn besti vinstri hornamaður sem við Íslendingar höfum eignast. Hann leikur með Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni og er markahæsti leikmaður deildarinnar. Hann er án efa besti vinstri hornamaður sem við Íslendingar höfum átt á síðari árum.
Þá skemmir ekki fyrir að hann þykir mikið augnakonfekt og var meðal annars valinn kynþokkafyllsti maður ársins árið 2002 af hlustendum Rásar 2.



**Einar Hólmgeirsson** – Miðað við spilamennsku Ólafs Stefánssonar, sem fyrir nokkrum árum var ein besta vinstri skytta heims, mun mikið mæða á Einari í vinstri bakverði. Breiðhyltingurinn sem lék með ÍR alla sína tíð er með eindæmum skotfastur. Einar spilar með Grosswallstadt í þýsku úrvalsdeildinni við góðan orðstír.



**Alexander Peterson** – Er fulltrúi nýbúa í liðinu ásamt markverðinum Roland Eraze. Alexander er kraftmikill vinstri hornamaður sem einnig getur spilað fyrir utan.



**Arnór Atlason** – Er vinstri bakvörður liðsins og mikið mun mæða á honum í keppninni. Pabbi hans, Atli Hilmarsson, var einnig landsliðsmaður en Arnór er mun betri en pabbi hans var nokkurn tímann.



**Ólafur Stefánsson** – Hann er hægri bakvörður eða miðja. Var eitt sinn talinn einn besti handboltamaður heims en svo er ei lengur. Ólafur er hins vegar frábær leikmaður og nú þegar breiddin vinstra megin er næg mun hann loks fá þá hvíld á stórmóti sem hann þarf.



**Viggó Sigurðsson** – Er mikill harðstjóri. Hann er svona Gaui Þórðar handboltans. Með eindæmum hreinskilinn maður. Það mun mikið mæða á honum og gæti uppstilling hans og leikaðferð skipt sköpum.



## HLUTVERK LEIKMANNA

### GRÍNARINN

Grínarinn í hópnum er Sigurður Eggertsson. Sigurður hefur lagt mikið á sig og er enginn leikmaður í liðinu með lægri fituprósentu en Sigurður. Eins og áður segir er stutt í grínið hjá Sigurði enda á hann það ekki langt að sækja. Faðir hans er fyndnasti gamanleikari þjóðarinnar, Eggert Þorleifsson.



### KVENNAGULLIÐ

Róbert Gunnarsson línumaður er David Beckham íslenska handboltalandsliðsins. Róbert hefur alla tíð verið sjóðandi heitur meðal kvenþjóðarinnar. Hann er mikill massi og eflaust munu stelpurnar horfa á einhverja leiki bara til að fygjast með honum á línunni.



### ÞYNGSTUR/LÉTTASTUR

Rússajeppinn Sigfús Sigurðsson er þyngsti maður liðsins. Hann vegur 114 kíló. Léttastur er hins vegar fulltrúi Selfyssinga í landsliðinu, Þórir Ólafsson. Hann er 75 kíló.



### HUGSUÐURINN

Er Ólafur Stefánsson. Meistari Ólafur er afar djúpþenkjandi og les heimspeki eins og flestir íþróttamenn lesa miðsíðurnar í Mogganum. Hann er sönnun þess að íþróttamenn eru ekki bara peningagráðugir mömmustrákar.



### ELSTUR/YNGSTUR

Georgíu-Íslendingurinn Roland Eraze er elsti leikmaðurinn. Hann verður 35 ára í maí. Yngstur er Arnór Atlason. Hann er 21 árs.



### DÚLLAN

Er án efa Rússajeppinn, Sigfús Sigurðsson línumaður. Sigfús er hið besta skinn, faðmar samherja sína í leikslok og leikgleðin skín af honum. Þá er hann einkar góður við mömmu sína og hefur stutt hana dyggilega á spjallrásum veraldarvefsins, en móðir hans, frú Margrét Sigfúsdóttir, var með sjónvarpsþáttinn Allt í drasli ásamt Heiðari Jónssyni á Skjá einum og var mikið á milli tanna netverja fyrir áramót.



### GÍTARTÖFFARINN

Bergsveinn Bergsveinsson aðstoðarþjálfari. Bergsveinn er öflugur á gítarnum og mun halda uppi stuðinu á hótelinu. Ógleymanlegt er þegar hann spilaði GOÐA-lagið á Bylgjunni árið 1997 beint frá Japan. Þar spilaði hann á gítar og söng. Haft var eftir mönnum að hann hefði sungið lagið betur en sjálfur Bergþór Pálsson.



### HÆSTUR/MINNSTUR

Sigfús Sigurðsson er hæsti maður liðsins, 198 sm. Minnstur er Sigurður Eggertsson 178 sm.





## STUÐINGSMANNALAGIÐ

**Gerum okkar besta. Lag sem Valgeir Guðjóns og handboltalandsliðið gerðu fyrir Ólympíuleikana í Seúl árið 1988.**



Afi gamli sagði stundum sögur um sægarpa á kröppum ölgusjó.
Þeir sögðu hver við annan:
„Nú liggur lífið við,
– :/: gerum betur" :/:

Við – gerum okkar – gerum okkar –
gerum okkar – gerum okkar – besta
og aðeins betur ef það er það sem þarf.
Við – látum hendur standa fram úr ermum (þrisvar) og ekkert þras.

Síðan voru frænkurnar í firði á ferð
á milli bæja í miðjum mars.
Þá brast á ofsaveður, þær gáfust ekki upp.
Sögðu – :/: gerum betur :/:

Bíðum ekki hendur með í skauti.
Harkan sex er það sem koma skal og ef hann blæs á móti, við eigum við því svar.
Bara :/: gerum betur:/:



SIRKUS RVK HELDUR ÁFRAM AÐ KÍKJA HEIM TIL FÓLKS OG FÁ ÁLITSGJAFA TIL AÐ GISKA Á HVERNIG TÝPA Á HEIMA ÞAR. Í ÞETTA SINN LITUM VIÐ INN TIL SÖNGKONUNNAR HEIÐU. EFTIR ÞAÐ FENGUM VIÐ PLÖTUSNÚÐINN ELLEN TIL AÐ REYNA AÐ GISKA Á HVERS KONAR TÝPA BÝR Í ÍBÚÐINNI.

# HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

## SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUSMYND – STEFÁN

„Ég bý í Þingholtunum í rólegri einstefnugötu,“ segir Oddný Sturludóttir píanókennari, rithöfundur og frambjóðandi sem sýnir okkur heimili sitt að þessu sinni. „Við keyptum íbúðina í vor. Við vorum ekkert búin að vera leita að íbúð. Þessi var hins vegar í draumagötunni okkar og þegar íbúðin fór á sölu þá stukkum við til. Hún hentaði okkur líka mjög vel,“ segir Oddný sem býr í íbúðinni ásamt sambýlismanni sínum, Hallgrími Helgasyni, og börnum. „Þetta er opin og björt íbúð með stórum gluggum. Það eru fá en stór herbergi og engir þröskuldar sem er helsti kosturinn við íbúðina að mínu mati. Engir þröskuldar í lífinu,“ segir hún og hlær. „Ég get ekki sagt að ég fylgist vel með nýjustu straumum innanhúshönnunar en íbúðin er að minnsta kosti þægileg og nægt pláss fyrir alla.“

Þessa dagana vinnur Oddný að því að kynna sig og sín stefnumál en hún býður sig fram í 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. „Ég hef fengið fín viðbrögð og forvitnilegt að takast á við þetta verkefni sem er öðruvísi en allt annað sem ég hef tekist á við áður. En mjög skemmtilegt.“ Þeir sem vilja kynna sér stefnumál Oddnýjar nánar geta litið við í „kosningakompu“ hennar í Hafnarstræti 18. „Fólk er hjartanlega velkomið.“



## ÞETTA SAGÐI JÁRNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR



### ELDHÚSIÐ

Hér er stór ísskapur. Ávextir, matreiðslubækur og allar þær matvinnslugræjur sem nöfnum tjáir að nefna, meira að segja hrærivél. Mér finnst þetta benda sterklega til þess að hér búi par á fertugsaldri. Á fertugsaldri vegna magns matvinnslutækjanna, og par vegna þess að fólk er duglegra að elda ef það býr með öðrum fullorðnum. Myndin á ísskapnum og drykkjarmálin segja mér ad hér búi líka ungt barn.



### SJÓNVARPSHERBERGIÐ

Lofthæðin og loftlistarnir benda til þess að þetta sé gömul íbúð, líklega í hverfi 101, öðru hvoru megin við Tjörnina. Hér eru listaverk á veggjum, eitt Stórvals málverk, eitt eftir Hallgrim Helgason (sýnist mér) og nokkur fleiri. Það eru lika listaverkabækur í sjónvarpsskápnum. Hér gæti mögulega búið listafólk. Að minnsta kosti með áhuga á myndlist. Söngvaborg með Siggu Beinteins er i sjónvarpinu og þríhjól á gólfinu. Kannski búa tvö börn hér því það hanga hringlur á þríhjólinu, annað hvort það eða þá að barnið er nýbúið að fá hjólið en leikur sér ennþá með hringlurnar.



### BÓKAHERBERGI

Hér er mikið af bókum, slatti af geisladiskum, skrifborð með tölvu á og píanó. Bækurnar eru af ýmsu tagi, nokkrar stórar orðabækur, fræðibækur sýnist mér, skáldsögur og fleiri listaverkabækur. Uppi á bókaskápnum eru tveir verðlaunagripir, annar þeirra er frá íslensku tónlistarverðlaununum, hinn er ég ekki viss um. Hann líkist þó bók, gæti verið bókmenntaverðlaun. Svo er hér líka voða fínn uppstoppaður fugl og einn tónskáldshaus.

### LOKANIÐURSTAÐA

Ég giska á að hér búi par á aldrinum 30 til 40 ára með eitt til tvö ung börn. Annað þeirra er líklega tónlistarmaður og hitt kannski rithöfundur eða myndlistarmaður, já, eða einhvers konar íslensk samsuða af þessu öllu þrennu.




# TRÚIR ÞÚ Á KARMA?

EARL ÆTLAR SÉR AÐ BÆTA UPP FYRIR ÖLL ÞESSI ÁR SEM HANN HEFUR EYTT SEM ALGER SKÍTHÆLL. EINN VINSÆLASTI GAMANÞÁTTURINN Í USA.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is


HENNING ÞÓR HAUKSSON


HJÖRTUR FJELDSTED

SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐA

# HENNING Á HVERFISBARNUM VS. HJÖRTUR Á TRAFFIC

**HAFFI Á PRIKINU OG GUSSI Á OLIVER ERU KOMNIR Í UNDANÚRSLIT Í SPURNINGAKEPPNI DYRAVARÐANNA. Í ÞRIÐJU VIÐUREIGN ÁTTA MANNA ÚRSLITA MÆTAST ÞEIR HENNING ÞÓR HAUKSSON Á HVERFISBARNUM OG HJÖRTUR FJELDSTED AF TRAFFIC Í KEFLAVÍK. RAFMAGNAÐ ANDRÚMSLOFT VAR Á MEÐAN KEPPNI STÓÐ OG HAFÐI EINN GÓÐUR ORÐ Á ÞVÍ AÐ ÞAÐ MÆTTI SKERA LOFTIÐ MEÐ DÚKAHNÍF.**







**1. HVAÐ HÉT SKEMMTISTAÐURINN SEM AÐALSÖGUHETJAN Í ROADHOUSE STARFAÐI HJÁ? A) THE ROXBURY B)THE CLUB C)DOUBLE DEUCE D) SET POINT.**
Hennning: Set Point.
Hjörtur: Set Point.

**2. HVAÐA ÍSLENSKI SKEMMTISTAÐUR SEM STARFRÆKTUR VAR Í LÆKJARGÖTU DRÓ NAFN SITT AF ÞÝSKU ORÐI SEM ÞÝÐIR FRÁBÆRT?**
Henning: Wunderbar.
Hjörtur: Ég veit það ekki.

**3. HVER LÉK ÞELDÖKKA DYRAVÖRÐINN Í KVIKMYNDINNI A NIGHT AT THE ROXBURY? A) WESLEY SNIPES B) MICHAEL CLARKE DUNCAN C) R. KELLY D) 50 CENT.**
Henning: Michael Clarke Duncan.
Hjörtur: Michael Clarke Duncan.

**4. TIL HVAÐA EVRÓPULANDS Á SYLVESTER STALLONE ÆTTIR SÍNAR AÐ REKJA?**
Henning: Ítalíu.
Hjörtur: Ítalíu.

**5. HVER VARÐ FYRSTI MAÐURINN TIL AÐ SIGRA MIKE TYSON Í ÞUNGAVIGTARBARDAGA? A) MICHAEL GRANT B) EVANDER HOLLYFIELD C) JAMES BUSTER DOUGLAS D) HJALTI ÚRSUS.**
Henning: Holyfield.
Hjörtur: James Buster Douglas.

**6. HVER HEFUR LYFT MESTU ÞYNGD SÖGUNNAR Í RÉTTSTÖÐULYFTU?**
Henning: Bendikt Magnússon.
Hjörtur: Benedikt Magnússon.

**7. Í HVAÐA STJÖRNUMERKI ER SÁ SEM ER FÆDDUR Á AÐFANGADAG?**
Henning: Hef ekki hugmynd.
Hjörtur: Voginni.

**8. HVER ER YNGSTI MEÐLIMUR STRÁKANNA Á STÖÐ 2?**
Henning: Auddi.
Hjörtur: Það er Auddi.

**9. HVAÐA ÁR BRANN SKEMMTISTAÐURINN TUNGLIÐ? A) 1994 B) 1996 C)1998 D)2000.**
Henning: 1996.
Hjörtur: 1996.

**10. HVAÐ HEITIR KALLLI BJARNI FULLU NAFNI?**
Henning: Ég veit það ekki.
Hjörtur: Karl Bjarni Guðmundsson.









Hjörtur Fjeldsted sigraði Henning með sex stigum gegn fimm. Hjörtur verður því fulltrúi landsbyggðarinnar í undanúrslitum keppnarinnar.




## SVÖR:

1. Double Deuce 2. Wunderbar 3. Michael Clarke Duncan 4. Ítalíu 5. James Buster Douglas 6. Benedikt Guðmundsson 7. Steingeit 8. Auðunn Blöndal 9. 1998 10. Karl Bjarni Guðmundsson



## TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

## HALLÓ AFRÍKA

Sigurvin Ólafsson knattspyrnumaður sem nýverið gekk til liðs við Fimleikafélagið leggur mikið upp úr sínu talhólfi.

*Halló Afríka, Halló Indland, Halló Hvíta húsið, Halló Vatíkanið. Nei, Sigurvin er ekki við. En endilega skildu eftir skilaboð.*

Þarna notar Sigurvin gamalt Tvíhöfðagrín sem hann breytir lítillega og gerir þar með að sínu. Sigurvin er almennilegur í talhólfskveðjunni og biður fólk endilega um að skilja eftir skilaboð. Það fær fólk til þess að vilja hringja í hann aftur. Hlýleg kveðja hjá knattspyrnumanninum.

★★★☆☆



# GETTU BETUR STJARNA Í ÚTVARP

„Gáfur gagnast mér ekkert í þessu," segir Steinþór Helgi Arnsteinsson Gettu Betur stjarna sem byrjar með útvarpsþátt á mánudaginn á X-inu 97,7. Þáttur þessi ber heitið Frank. „Þetta verður svona indí framúrstefnutónlist, eitthvað sem þú heyrir vanalega ekki í útvarpi en er engu að síður ferskt en forvitnilegt umfram allt." Steinþór starfar sem blaðamaður á Birtu en er þó hvað frægastur fyrir að hafa drepið MR-grýluna í Gettu Betur árið 2004 en hann var þá í Borgarholtsskóla. En eins og hann segir gagnast sú kunnátta honum lítið í þessu starfi. „Þetta snýst meira um að fara á netið og skoða. Þetta er skemmtilegt. Maður eyðir hvort eð er öllum stundum á netinu að leita að tónlist. Í þessu starfi getur maður kannski eignast einhverjar skemmtilegar plötur og jafnvel fengið smá pening með," segir Steinþór kampakátur og spenntur fyrir nýja verkefninu.

## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

# TÚBAN ÞÍN Á NETINU

Það er auðvitað ljótt að stela og Sirkus er ekki að reyna að stuðla að því að fólk steli af netinu. Lögin um löglegt niðurhal eru hvort eð er svo loðin. Heimasíða vikunnar að þessu sinni heitir www.youtube.com og þar er heldur betur hægt að hlaða niður. Á síðunni geturðu fundið allann fjandann ef svo má að orði komast. Heilu þáttaraðirnar af hinum ýmsu þáttum eru þarna innanborðs og þú getur hlaðið niður því sem þú vilt, án endurgjalds. Löglegt eða ólöglegt, þetta er allavega snilld og ekkert annað.


SIMPSONS-ÞÆTTIRNIR LÁTA SIG EKKI VANTA.


NÓG ER AF LITTLE BRITAIN-ÞÁTTUM Á SÍÐUNNI.

# SIRKUSTVÍFARAR


ÚLFAR ÚR ÁSTARFLEYINU


PAUL ROBINSON, MARKVÖRÐUR TOTTENHAM

Tvífarar vikunnar að þessu sinni eru þeir Paul Robinson og Úlfar Gunnar Finnsen úr Ástarfleyinu. Paul Robinsson, markvörður Tottenham, er um leið besti markvörður Englendinga og þykir nánast pottþétt að hann verði aðalmarkvörður enska landsliðsins á heimsmeistaramótinu í sumar. Úlfar er hins vegar frægastur fyrir vasklega framgöngu í Ástarfleyinu þar sem hann heillaði dömur við strendur Tyrklands. Helsti munurinn á þessum ágætu herramönnum er hins vegar sá að Paul Robinson er meira í því að verja meðan Úlfar hefur einbeitt sér að því að skora – allavega í Ástarfleyinu.




BESTU VINIR ALLRA LANDSMANNA ERU MÆTTIR AFTUR Í SJÓNVARPIÐ!
FYLGSTU MEÐ ROSS, RACHEL, JOEY, PHOEBE, MONICU
OG CHANDLER Á SIRKUS.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# HVERNIG ER AÐ HEI


BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

## KIRKJAN TÓK ANDKÖF ÞEGAR ÉG VAR KALLAÐUR TIL ALTARIS

„Fólk trúir mér yfirleitt ekkert þegar ég segi þeim hvað ég heiti," segir Steingrímur Njálsson, 28 ára gamall stjórnmálafræðingur sem er búsettur í Ósló í Noregi.
„Nafnið olli mér engum sérstökum vandræðum þegar ég var barn, en svo fóru einhverjir eldri drengir að lesa blöðin og stríddu mér lítillega á þessu. Svo man ég sérstaklega eftir því þegar ég fermdist að gestir í Bústaðakirkju tóku andköf þegar ég var kallaður til altaris," segir Steingrímur Njálsson á léttu nótunum.
Steingrímur er master í stjórnmálafærði frá Ósklóarháskóla og hefur lokið svokölluðu Cand. polit.-prófi. Á síðasta ári var honum veittur styrkur til að skrifa bók um glæpi gegn mannkyninu. „Bókin kemur út hér í Noregi í haust. Og það er mikill spenningur fyrir henni. Bókin fjallar sögu alþjóðaréttar annars vegar og hins vegar hvernig alþjóðaréttarkerfið hefur þróast síðustu 15 ár. Það er að segja meðan alþjóða sérdómstólarnir í fyrrverandi Júgóslavíu og Rúanda störfuðu, en þetta eru fyrstu alþjóðlegu réttarhöldin yfir einstaklingum síðan réttarhöldin voru haldin í Nürnberg 1946."
Steingrímur Njálsson, cand. polit. í stjórnamálafræði.


STEINGRÍMUR NJÁLSSON


LINDA PÉTURSDÓTTIR

## LINDA PÉ Á FÖSTU

„Afgreiðslufólk í búðum grínast mikið með nafnið þegar ég borga. Fyrst fór þetta í taugarnar á mér en síðan hef ég bara farið að hafa gaman af þessu," segir Linda Pétursdóttir 16 ára. Ólíkt nöfnu sinni þá er þessi á föstu.
Ég átti að heita Linda Karen en pabbi hætti við nafnið Karen á síðustu stundu. Þrátt fyrir að bera þetta nafn þá hef ég lítinn sem engan áhuga á fegurðarsamkeppnum."
Er kærastinn ekki alltaf að monta sig af því að vera með Lindu Pé? „Ég hef ekki orðið vör við það," segir Linda hlæjandi.


LINDA PÉTURSDÓTTIR


STEINGRÍMUR NJÁLSSON

## FRÚ VIGDÍS HEIÐRAÐI NÖFNU SÍNA Á ÁTTRÆÐISAFMÆLINU

„Þegar ég fer erlendis er iðulega tekinn feill á mér og forsetafrúnni. Stundum hefur það verið svolítið óþægilegt," segir Bílddælingurinn Vigdís Finnbogadóttir. Þær nöfnur eru ágætis kunningjar í dag, en forsetinn fyrrverandi vildi mjög gjarnan vita hvernig nafna hennar leit út.
„Okkar kunningskapur er ljómandi góður. Hún hefur komið hingað til mín og við höfum átt góðar stundir saman. Á áttræðisafmæli mínu var ég stödd í Reykjavík og þá mætti Vigdís til að heimsækja mig," segir heimasætan á Litlu-Eyri.
„Það kemur oft fyrir að póstur sem á að fara til hennar kemur hingað til mín. Það er samt skrítið að þessir þjóðhöfðingjar sem hafa verið að senda nöfnu minni póst skuli ekki vera betur að sér og sendi póstinn til mín. En ég hef svo bara endursent póstinn til hennar," segir Vigdís á léttu nótunum.
Vigdís Finnbogadóttir á Litlu-Eyri á Bíldudal.


VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR


VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

SIRKUS RVK HAFÐI SAMBAND VIÐ NOKKRA ÍSLENDINGA Á ÖLLUM ALDRI SEM HEITA SAMA NAFNI OG FRÆGT FÓLK. SIRKUS SPURÐI HVORT ÞAÐ HAFI VALDIÐ ÞEIM ÓÞÆGINDUM EÐA EINHVERJUM ÓÞARFA LEIÐINDUM.

# TA ÞAÐ SAMA OG...





BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

## ALNAFNA FRÆGASTA ÍSLENDINGS ALLRA TÍMA

Björk Guðmundsdóttir, lyfjafræðingur í Grindavík, er alnafna líklega frægasta Íslendings fyrr og síðar. Björk hefur heyrt alla brandarana en hefur bara gaman af þessu.

„Ég gleymi því ekki þegar það hringdi í mig einhver útlendingur og dásamaði mig í heillangan tíma og hélt að ég væri söngkona. Svo eftir sirka hálftímaspjall var ég komin með ógeð á þessu og leiðrétti þennan misskilning. Nafnið vekur alls staðar athygli erlendis.

En ertu einhver söngkona eins og nafna? „Nei, alls ekki," segir Björk Guðmundsdóttir og viðurkennir að hún sé alveg laglaus.





VIGGÓ SIGURÐSSON

## EKKI SKÍRT EFTIR ÍSLENSKUM STÓRSTJÖRNUM

SVO VIRÐIST SEM ÍSLENDINGUM SÉ ILLA VIÐ AÐ SKÍRA Í HÖFUÐIÐ Á LÖNDUM SÍNUM SEM ERU AÐ GERA ÞAÐ GOTT.



### ENGINN EIÐUR SMÁRI Í TÆP 6 ÁR

Þótt Eiður Smári Guðjohnsen sé eftirlætis íþróttamaður þjóðarinnar, þá virðist fólk ekki til í að skíra börn sín í höfuðið á honum. En erlendis er mjög vinsælt að skíra börn í höfuðið á þekktu fólki. Frá því að Eiður sló í gegn með Chelsea í októbermánuði árið 2000 er liðið lék gegn Liverpool hefur aðeins eitt barn verið skírt Eiður Smári. En sá, Eiður Smári Árnason er fæddur 20. nóvember árið 2000. Frá þeim tíma hefur enginn verið skírður Eiður Smári, en áður en Kópavogsbúinn knái sló í gegn var búið að skíra fjölmarga hans nafni. Í dag eru níu núlifandi Íslendingar sem heita Eiður Smári og leikmaður Chelsea er þeirra elstur.



### VINSÆLT AÐ SKÍRA ÓLI GUNNAR

Eftir að Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær, leikmaður Manchester United í enska boltanum, skoraði eitt eftirminnilegasta mark knattspyrnusögunnar, þann 26. maí árið 1999 í úrslitaleik í meistaradeild Evrópu gegn Bayern München, hafa alls sex drengir verið skírðir Óli Gunnar á landinu. Áður en Ole Gunnar gerði þetta fræga mark sem varð til þess United vann Evróputitilinn var aðeins einn Óli Gunnar á landinu, en sá er fæddur árið 1993. Þá var fótboltamaðurinn norski bara að leika sér með Kristiansund í norsku 3. deildinni.



### EKKI SKÍRT EFTIR FORSETANUM

Frá því Ólafur Ragnar Grímsson var kjörinn forseti Íslands árið 1996 hefur enginn verið skírður Ólafur Ragnar. En fyrir voru fjölmargir sem heita Ólafur Ragnar en allt í einu virðist sem hætt hafi verið að skíra drengi þessum tveimur ágætu nöfnum.

Hvort það er forseta vorum að kenna, skal ósagt látið.



## RÆDDI LENGI VIÐ GAMALAN MANN UM LEIKKERFI

„Við erum kanski ekkert svo ólíkir. Við erum báðir miklir áhugamenn um einhvers konar þjálfun. Ég í hestum en hann í handbolta," segir Viggó Sigurðsson, 19 ára Kópavogsbúi.

„Ég hef nokkrum sinnum lent í einhverjum misskilningi. En það var best þegar einhver gamall maður hringdi í mig. Það var búin að vera einhver krísa hjá landsliðinu. Hann tjáði mér hvernig ætti að spila varnarleikinn og svo hvaða leikmenn ættu að vera í liðinu og hverjir ekki. Ég talaði við hann í nokkur skipti og einu sinni mjög lengi sem Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari.

En svo var ég orðinn þreyttur á þessu eftir tölverðan tíma og tjáði honum að ég væri ekki landsliðsþjálfari í handbolta. Hann varð ekkert pirraður. Líklega fannst honum bara gaman að einhver nennti að hlusta á þessar pælingar hans," segir Viggó.

Viggó æfði sjálfur handbolta á sínum yngri árum með HK en nú á hestamennskan allan hans tíma. „Ég stefni að því að hafa lifibrauð af hestamennskunni í framtíðinni."



VIGGÓ SIGURÐSSON





TRUE CRIME: STREETS OF NEW YORK
Í ÞETTA SKIPTI VAR LÖGGAN HÁLFGERÐUR BÓFI.



KINGPIN FRÁ ÁRINU 1999
FYRSTI GETTÓ-LEIKURINN. ÞAÐ ÞURFTI 14 BASÚKUSKOT TIL ÞESS AÐ GRANDA EINNI FITUBOLLU.

**UNDANFARIÐ HAFA TÖLVULEIKIR SEM GERAST Í FÁTÆKRAHVERFUM BANDARÍKJANNA OG STÍLA MIKIÐ INN Á HIPHOPKÚLTURINN GERT VART VIÐ SIG. TÖLVULEIKIR Á BORÐ VIÐ GRAND THEFT AUTO: SAN ANDREAS, 25 TO LIFE, 50 CENT: BULLETPROOF OG TRUE CRIME: STREETS OF NEW YORK. LEIKIRNIR ERU JAFN MISJAFNIR OG ÞEIR ERU MARGIR OG SPÁIR DÓRI DNA AÐ NÚ SÉ TÍMI ÞESSARA LEIKJA LIÐINN.**

# GETTÓ-LEIKIRNIR

## SYNGJA EÐA RAPPA SITT SÍÐASTA

Undanfarin ár, eða jafnvel bara undanfarið ár, hefur ný tegund tölvuleikja rutt sér til rúms á markaðnum. Þessir leikir eiga það sameiginlegt að gerast í stórborgum og einblína á fátækrahverfin. Það mætti líkja þessum leikjum við kvikmyndir eða „hood movies“ á borð við Menace 2 Society og Boyz in the Hood. Þannig kvikmyndir voru mjög vinsælar á árunum 1993–1995, en síðan þá hefur góð gettó-mynd verið sjaldgæf sjón. Þessir leikir sem gerast í fátækrahverfunum brjóta í raun þau lögmál sem eru til staðar. Það er ósköp skiljanlegt að vilja hvíla sig frá grámyglu raunveruleikans með því að skjóta nokkra nasista í Battlefield. Að setja sig í hlutverk æðrulausrar og hugrakkrar hetju sem bjargar deginum með kænskunni og byssunni einni saman er ekkert svo galin hugmynd. Í leikjum á borð við Grand Theft Auto er dæminu hagað allt öðruvísi. Þar fara leikmenn í hlutverk harðsvíraðs glæpamanns sem þyrmir engum. Maður getur keyrt niður saklaust fólk, selt dóp, framkvæmt svokallað drive-by, maður er í gengi, þarf að gæta sín á öllum götuhornum og getur svo auðvitað talað og gengið eins og alvöru blámaður. Allt þetta hljómar meira eins og raunveruleiki sem maður ætti að flýja, frekar en að sækja í.

### BYRJAÐI ALLT MEÐ KINGPIN ÁRIÐ 1999

Fyrsti leikurinn sem gerðist í gettóinu var leikurinn KingPin. Það var hræðilegur leikur, en Cypress Hill sáu um tónlistina, persónurnar kölluðu hver aðra motherfucker og svo gat maður skotið hunda í bakið. Í raun þurfti ég ekkert annað þegar ég var 14 ára. Það var eins og draumur hefði ræst þegar leikurinn kom út, en fljótlega komst ég að því að það er fáránlegt að þurfa að skjóta einhverja fitubollu í hlýrabol 14 sinnum með basúku til þess að drepa hana. Það leið svo á löngu þar til næsti gettó-leikur kom út þó svo að margir leikir, meðal annars GTA-leikirnar, hafi daðrað aðeins við það.



25 TO LIFE
VÆNTANLEGUR TÖLVULEIKUR SEM GERIST Í GETTÓINU.



GTA: SAN ANDREAS
KONUNGUR GETTÓ-LEIKJANNA. GETTÓ-LEIKIR NÁÐU HÁMARKI MEÐ ÞESSUM LEIK EN HAFA SÍÐAN ÞÁ HRÍÐFALLIÐ.



50 CENT: BULLETPROOF
ÖMURLEGUR LEIKUR. BÚ Á 50 CENT, HANN NOTAR OF MIKIÐ AF STERUM OG KÓKAÍNI.



N.W.A.
FOKKING SMOOTH GÆJAR.

### GRAND THEFT AUTO: SAN ANDREAS – MÁLIÐ VAR DAUTT EN DÓ GREINILEGA EKKI ÞAR

Grand Theft Auto: San Andreas kom út fyrir sirka ári síðan og er líklega geðsjúkasti tölvuleikur sem ég hef prófað. Allir að kalla hver annan nigga, rífandi kjaft og skjótandi í allar áttir. Manni líður stundum eins og maður sé á Crenshaw Boulevard á föstudagskvöldi. Maður þurfti heldur ekkert að vera að drepa í leiknum. Maður gat alveg pikkað upp einhverja fjóra blámenn og keyrt um Los Angeles með eitthvert feitt hiphop í botni. Þessi leikur hafði allt sem þarf. Í raun hefði hann átt að binda enda á gettó-leikina en það varð einhver annar að kreista síðustu dropana úr þessari fjárþúfu og eyðileggja dæmið um leið.

### SKAUFINN HANN 50 CENT EYÐILAGÐI ÞETTA

Það er sagt að kókaín og sterar fari illa saman. Þetta sannaði pungurinn hann 50 Cent sem er með allt á hornum sér. Nýlega gaf hann út leikinn Bulletproof, þar sem hann sjálfur er í aðalhlutverki. Leikurinn er hræðilegur og nauðgar hann þessari gettópælingu í rass. 50 er ekkert venjulegur glæpamaður í leiknum. Hann er ofurglæpamaður sem gæti þess vegna ráðið niðurlögum heimsins ef honum dytti það í hug. Manni leið óþægilega þegar maður spilaði leikinn. Of mikið nigga, of mikið gettó, of mikið motherfucker. Manni leið eiginlega eins og 50 Cent væri sjálfur að nauðga manni. 50 Cent eyðilagði gettó-leikina fyrir mér.

### „WIGGARARNIR“ ERU ALVEG SJÚKIR Í ÞETTA

Þegar allir voru skopparar var maður iðulega kallaður wannabe nigger, eða wigger. Mann langaði innst inni til þess að vera svartur og geta sagt hluti eins og „you know what i'm saying, word is bond son, og yo nigga. Það gefur auga leið að þessir svokölluðu wiggerar spila þessa leiki, en í raun og veru eru allir sjúkir í þá eða að minnsta kosti voru sjúkir í þá. Ég veit ekki alveg með framtíð þessara leikja. Mér sýnist að tímabilið sé búið, alveg eins og árið 1995 þegar „hood movies“ hættu að koma út. Nú er leikurinn 25 to Life kominn út og segja þeir sem þekkja að hann sé eins og kvikmyndin Baby Boy; nokkur kúl atriði, glatað plott, fín tónlist og allt of seinn.



DÓRA DNA
FRETTASKÝRING

## MEST SELDU LEIKIRNIR





SSX ON TOUR ER HEITASTI LEIKURINN Á PSP.

1. SSX ON TOUR
2. WIPEOUT PURE
3. NAMCO MUSEUM BATTLE COLLECTION
4. SIMS 2
5. TIGER WOODS PGA TOUR 06
6. F1 GRAND PRIX
7. PRINCE OF PERSIA REVELATIONS
8. GTA LIBERTY CITY STORIES
9. FIFA 06
10. PRO EVOLUTION SOCCER 5

1. WORLD OF WARCRAFT
2. CALL OF DUTY 2
3. FOOTBALL MANAGER 2006
4. NEED FOR SPEED MOST WANTED
5. CIVILIZATION 4
6. SIMS 2 NIGHTLIFE
7. AGE OF EMPIRES 3
8. KING KONG
9. SIMS 2 CHRISTMAS PARTY PACK
10. BATTLEFIELD 2

1. HULK 2
2. RESIDENT EVIL: OUTBREAK FILE 2
3. SHREK SUPERSLAM
4. ULTIMATE SPIDERMAN
5. TRUE CRIME NEW YORK CITY
6. BATMAN BEGINS
7. SHADOW THE HEDGEHOG
8. SINGSTAR '80S (MEÐ MÍKRAFÓNUM)
9. JAMES BOND: FROM RUSSIA WITH LOVE
10. SPARTAN TOTAL WAR

1. GRAND THEFT AUTO DOUBLE
2. BATMAN BEGINS
3. SPARTAN TOTAL WAR
4. STAR WARS BATTLEFRONT 2
5. BATTLEFIELD 2: MODERN COMBAT
6. NEED FOR SPEED: MOST WANTED
7. ULTIMATE SPIDERMAN
8. PRO EVOLUTION SOCCER 5 STELAND
9. INCREDIBLES 2: RISE OF THE UNDERM.
10. GTA: SAN ANDREAS


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is
BYRJAR NÆSTA MÁNUDAG KL 20:30
KALLARNIR
GILLZENEGGER – PARTÝ-HANZ
KALLARNIR.IS ERU Í BOÐI HYDROXYCUT
HYDROXYCUT
NÝ ANDLIT
Á SIRKUS
2006
Í HUGUM KALLANNA ER FEGURÐIN ALLS EKKI AFSTÆÐ OG KEMUR POTTÞÉTT EKKI BARA INNAN FRÁ. GILLZENEGGER OG PARTÝ-HANZ TAKA NOKKRA ÞEKKTA ÍSLENDINGA OG BREYTA ÞEIM ÚR TREFLUM Í HNAKKA Í ÞÆTTINUM KALLARNIR Á SIRKUS
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

# VIÐ ERUM FÆDDIR ASNALEGIR



HLJÓMSVEITIN BERTEL! ER AÐ STÍGA SÍN FYRSTU SKREF Í ÁTT AÐ FRÆGÐ OG FRAMA. HANA SKIPA FJÓRIR KORNUNGIR DRENGIR AF SELTJARNARNESINU SEM HAFA SPILAÐ SAMAN FRÁ FERMINGU. STRÁKARNIR ERU MIKLIR STUÐBOLTAR OG ÁVALLT SKEMMTILEGIR TIL FARA. ÞEIR TAKA SIG EKKI OF HÁTÍÐLEGA.

SIRKUSMYND – HARI

Við erum fjögurra manna hljómsveit af Seltjarnarnesinu," segir Gunnar Gunnsteinsson, meðlimur hljómsveitarinnar Bertel! sem er að stíga sín fyrstu skref í átt að frægð og frama. Fjögurra manna sveit af Nesinu segir hann. Ungir og efnilegir piltar.

### BERTEL! MEÐ UPPHRÓPUNARMERKI

Hljómsveitina skipa auk Gunnars þeir Ragnar Árni Ágústson (Digirag), Kjartan Ottósson, og Jason Egilsson. Nafnið Bertel! kemur ekki til af neinni sérstakri ástæðu. „Það er samt mjög mikilvægt að koma því á framfæri að það er Bertel! með upphrópunarmerki. Það er í raun verið að öskra nafnið," segir Gunnar og virðist sem Bertel! þessi sé bæði ódæll og uppátækjasamur með eindæmum.

### LANDADRYKKJA Í KIRKJUNNI

Þótt drengirnir séu ungir að árum hefur sveitin engu að síður starfað í rúmlega þrjú ár. Það má því segja að þeir hafi byrjað að spila í kjölfar fermingarfræðslunnar. „Við höfum einmitt verið að æfa í kjallara kirkjunnar á Nesinu," segir Gunnar.

*Það er þá væntanlega ekkert sukk á ykkur fyrst þið eruð svona ungir?*

„Við skulum nú bara láta það liggja á milli hluta," segir Gunnar og hlær.

*Þið verðið bara að drekka landa í kjallaranum á kirkjunni...*

„Já, ætli það ekki."

Að vísu eru drengirnir hættir að æfa í kirkjunni góðu svo lítið verður um landadrykkju í því ágæta guðshúsi, allavega ekki af völdum Bertel!-drengjanna.

### ASNALEGIR BÚNINGAR

Strákarnir í Bertel! taka sig ekki of hátíðlega, allavega ekki þegar kemur að klæðavali. „Okkur finnst gaman að vera asnalegir, við fáum eitthvað mikið út úr því," segir Gunnar.

*Krefst þetta ekki mikillar vinnu að finna þessa búninga?*

„Við erum asnalegir fyrir þannig að þetta er ekkert erfitt fyrir okkur. Við erum fæddir asnalegir."

*Ungir og asnalegir...*

„Ungir og asnalegir."

*En hvernig eru píurnar að taka ykkur?*

„Þær eru í röðunum á eftir okkur, gallarnir eru að trekkja."

### SKRÍÐA UPP ÚR HOLUNNI

Ekki hefur mikið sést til strákanna í Bertel! í þessi þrjú ár sem þeir hafa verið starfandi. „Við höfum lokað okkur allt of mikið inni í kompu. Við höfum verið voðalega lítið fyrir að skríða út í sólskinið," segir Gunnar. Drengirnir hafa reyndar tvisvar tekið þátt í Músíktilraunum. „Við komumst í úrslit í fyrra skiptið en seinna skiptið var einhver helvítis skandall, dómaraskandall."

Nú er hins vegar von á sex laga geisladiski frá drengjunum innan tíðar en þeir eru að leggja lokahönd á hann núna. Þangað til er hægt að hlusta á tónlist sveitarinnar á myspace-svæði hennar sem er www.myspace.com/bertel!. Ekki gleyma upphrópunarmerkinu. -SHS

# DISKUR Í SUMAR

## ÓLAFSFIRÐINGURINN GÍSLI HVANNDAL STEFNIR Á SÍNA FYRSTU BREIÐSKÍFU.

„Ég er farinn að huga að minni fyrstu plötu. Ég var að vonast til að ég kæmi henni út fyrir jólin en það tókst ekki. Stefnan núna er að gefa plötuna út fyrir sumarið," segir Gísli Hvanndal sem heillaði Íslendinga upp úr skónum með einlægri frammistöðu í annarri þáttaröð Idol-Stjörnuleitarinnar.

„Hugmyndin er að gera tólf laga plötu. Helmingurinn yrði cover-lög og hinn helmingurinn frumsaminn," segir Gísli sem vill ekki gefa upp hvaða lög verða á boðstólum en lofar þó aðdáendum sínum að lögin Álfar og Fallen Angel verði til staðar.

*En semurðu á íslensku eða ensku?*

„Lögin sem ég hef samið hingað til hafa verið á ensku. En mér finnst ekkert betra að syngja á ensku þannig lagað."



ÞAÐ ER LÍF EFTIR IDOL! GÍSLI HVANNDAL HEFUR SÝNT OG SANNAÐ AÐ ÞAÐ SÉ LÍF EFTIR IDOL-STJÖRNULEITINA.

Þessa dagana vinnur Gísli hjá pabba sínum á Ólafsfirði og smíðar þar daginn út og inn.„Það er dýrt að gefa út plötu og því þarf maður að vera duglegur að vinna," segir Gísli en hann hefur lítið sungið að undanförnu sökum anna í vinnu en það gæti breyst með vorleysingunum. HH

útvarp X 97·7

## X-LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Coldplay | Talk |
| 2. | Avenged Sevenfold | Bat Country |
| 3. | Vax | Your Hair Is Stupid |
| 4. | Blink 182 | Not Now |
| 5. | Bloc Party | Helicopter |
| 6. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Kokaloca |
| 7. | System Of A Down | Hypnotize |
| 8. | The Subways | Rock N Roll Queen |
| 9. | Buff | Amores Perros |
| 10. | Children Of Bodom | Oops, I Did It Again |
| 11. | Reykjavík! | 7 9 13 |
| 12. | Singapore Sling | Saul |
| 13. | Foo Fighters | Resolve |
| 14. | Hair Doctor | Major Label |
| 15. | Ampop | My Delusions |
| 16. | Dikta | Breaking The Waves |
| 17. | Weezer | Perfect Situation |
| 18. | Mew | Special |
| 19. | Shinedown | Save Me |
| 20. | Matisyahu | King Without A Crown |

CHRIS MARTIN OG FÉLAGAR Í COLDPLAY ERU KOMNIR Á TOPP LISTANS.



FM 957

## ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | James Blunt | Goodbye My Lover |
| 2. | White Stripes | My Doorbell |
| 3. | Chris Brown | Run It |
| 4. | Fall Out Boy | Sugar Were Going... |
| 5. | Eminem | When I'm Gone |
| 6. | Kelly Clarkson | Gone |
| 7. | Darren Hayes | So Beautiful |
| 8. | Lifehouse | Blind |
| 9. | Beyonce Knowles | Check On It |
| 10. | Ryan Cabrera | Photo |
| 11. | Craig David | Dont Love You No More |
| 12. | Fort Minor | Believe Me |
| 13. | Daniel Powder | Free Loop |
| 14. | Sugababes | Ugly |
| 15. | Jamie Foxx | Extravaganza |
| 16. | Nickelback | Photograph |
| 17. | Rihanna | If It's Lovin That You... |
| 18. | David Gray | Hospital Food |
| 19. | Skítamórall | Heima |
| 20. | Ashlee Simpson | L.O.V.E. |

JAMES BLUNT ER FASTUR Á TOPPI ÍSLENSKA LISTANS.



# ALLT UM EM

# Í HANDBOLTA FYRIR BYRJENDUR

**VÆNTINGAR TIL ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í HANDBOLTA ERU MEIRI EN NOKKRU SINNI FYRR NÚ ÞEGAR EM Í SVISS ER FARIÐ AF STAÐ. ÍSLENSKA LIÐIÐ ER MEÐ MANNSKAP SEM GÆTI HÆGLEGA KOMIST Í VERÐLAUNASÆTI OG JAFNVEL UNNIÐ. SIRKUS RVK. KYNNIR HELSTU STJÖRNUR LIÐSINS, STYRKLEIKA OG HVERJIR ERU HVAÐ Í LIÐINU. EITTHVAÐ SEM VERÐUR EKKI FJALLAÐ UM Á ÍÞRÓTTASÍÐUM BLAÐANNA.**

## RIÐILLINN

Ísland er í C-riðli ásamt Serbíu og Svartfjallalandi, Danmörku og Ungverjum. Fyrirfram er þetta talinn næstléttasti riðillinn og ætti Ísland hæglega að geta komist upp í milliriðla. Til þess að komast í milliriðil þarf liðið að vera í einu af þremur efstu sætunum í riðlinum.

Komist liðið í milliriðil tekur það með sér stigin gegn hinum liðunum úr riðlinum sem einnig fara í milliriðil. Segjum að Ísland, Danmörk og Ungverjaland komist í milliriðil, þá tekur Ísland aðeins með sér þau stig sem liðið fær gegn Danmörku og Ungverjalandi. Ef þú skilur ekki þessa útskýringu hafðu þá samband í síma 515-7568 og milliriðlafyrirkomulagið verður útskýrt.



## SVÍAR EKKI MEÐ

Sænska landsliðið er aldrei þessu vant ekki með í keppninni. Liðið skeit á sig í undankeppninni og því þurfum við Íslendingar ekki að hafa áhyggjur af hinni frægu Svíagrýlu. En þeir gulklæddu hafa ætíð farið illa með okkur á stórmótum og skemmst er að minnast þess þegar þeir burstuðu okkur árið 1993 en þá léku Svíar í frægum „smokkabúningum".







## AÐALHETJUR ÍSLENSKA LIÐSINS

**Guðjón Valur Sigurðsson –** Þessi 26 ára Seltirningur er af mörgum handboltasérfræðingum talinn besti vinstri hornamaður sem við Íslendingar höfum eignast. Hann leikur með Gummersbach í þýsku úrvalsdeildinni og er markahæsti leikmaður deildarinnar. Hann er án efa besti vinstri hornamaður sem við Íslendingar höfum átt á síðari árum.
Þá skemmir ekki fyrir að hann þykir mikið augnakonfekt og var meðal annars valinn kynþokkafyllsti maður ársins árið 2002 af hlustendum Rásar 2.



**Einar Hólmgeirsson** – Miðað við spilamennsku Ólafs Stefánssonar, sem fyrir nokkrum árum var ein besta vinstri skytta heims, mun mikið mæða á Einari í vinstri bakverði. Breiðhyltingurinn sem lék með ÍR alla sína tíð er með eindæmum skotfastur. Einar spilar með Grosswallstadt í þýsku úrvalsdeildinni við góðan orðstír.



**Alexander Peterson** – Er fulltrúi nýbúa í liðinu ásamt markverðinum Roland Eraze. Alexander er kraftmikill vinstri hornamaður sem einnig getur spilað fyrir utan.





**Arnór Atlason** – Er vinstri bakvörður liðsins og mikið mun mæða á honum í keppninni. Pabbi hans, Atli Hilmarsson, var einnig landsliðsmaður en Arnór er mun betri en pabbi hans var nokkurn tímann.



**Ólafur Stefánsson** – Hann er hægri bakvörður eða miðja. Var eitt sinn talinn einn besti handboltamaður heims en svo er ei lengur. Ólafur er hins vegar frábær leikmaður og nú þegar breiddin vinstra megin er næg mun hann loks fá þá hvíld á stórmóti sem hann þarf.



**Viggó Sigurðsson** – Er mikill harðstjóri. Hann er svona Gaui Þórðar handboltans. Með eindæmum hreinskilinn maður. Það mun mikið mæða á honum og gæti uppstilling hans og leikaðferð skipt sköpum.

## HLUTVERK LEIKMANNA

### GRÍNARINN

Grínarinn í hópnum er Sigurður Eggertsson. Sigurður hefur lagt mikið á sig og er enginn leikmaður í liðinu með lægri fituprósentu en Sigurður. Eins og áður segir er stutt í grínið hjá Sigurði enda á hann það ekki langt að sækja. Faðir hans er fyndnasti gamanleikari þjóðarinnar, Eggert Þorleifsson.





### KVENNAGULLIÐ

Róbert Gunnarsson línumaður er David Beckham íslenska handboltalandsliðsins. Róbert hefur alla tíð verið sjóðandi heitur meðal kvenþjóðarinnar. Hann er mikill massi og eflaust munu stelpurnar horfa á einhverja leiki bara til að fygjast með honum á línunni.



### HUGSUÐURINN

Er Ólafur Stefánsson. Meistari Ólafur er afar djúpþenkjandi og les heimspeki eins og flestir íþróttamenn lesa miðsíðurnar í Mogganum. Hann er sönnun þess að íþróttamenn eru ekki bara peningagráðugir mömmustrákar.



### DÚLLAN

Er án efa Rússajeppinn, Sigfús Sigurðsson línumaður. Sigfús er hið besta skinn, faðmar samherja sína í leikslok og leikgleðin skín af honum. Þá er hann einkar góður við mömmu sína og hefur stutt hana dyggilega á spjallrásum veraldarvefsins, en móðir hans, frú Margrét Sigfúsdóttir, var með sjónvarpsþáttinn Allt í drasli ásamt Heiðari Jónssyni á Skjá einum og var mikið á milli tanna netverja fyrir áramót.

### GÍTARTÖFFARINN

Bergsveinn Bergsveinsson aðstoðarþjálfari. Bergsveinn er öflugur á gítarnum og mun halda uppi stuðinu á hótelinu. Ógleymanlegt er þegar hann spilaði GOÐA-lagið á Bylgjunni árið 1997 beint frá Japan. Þar spilaði hann á gítar og söng. Haft var eftir mönnum að hann hefði sungið lagið betur en sjálfur Bergþór Pálsson.



### HÆSTUR/MINNSTUR

Sigfús Sigurðsson er hæsti maður liðsins, 198 sm. Minnstur er Sigurður Eggertsson 178 sm.



### ÞYNGSTUR/LÉTTASTUR

Rússajeppinn Sigfús Sigurðsson er þyngsti maður liðsins. Hann vegur 114 kíló. Léttastur er hins vegar fulltrúi Selfyssinga í landsliðinu, Þórir Ólafsson. Hann er 75 kíló.



### ELSTUR/YNGSTUR

Georgíu-Íslendingurinn Roland Eraze er elsti leikmaðurinn. Hann verður 35 ára í maí. Yngstur er Arnór Atlason. Hann er 21 árs.



## STUÐINGSMANNALAGIÐ

**Gerum okkar besta. Lag sem Valgeir Guðjóns og handboltalandsliðið gerðu fyrir Ólympíuleikana í Seúl árið 1988.**



Afi gamli sagði stundum sögur um sægarpa á kröppum ölgusjó.
Þeir sögðu hver við annan:
„Nú liggur lífið við,
– :/: gerum betur" :/:

Við – gerum okkar – gerum okkar – gerum okkar – gerum okkar – besta og aðeins betur ef það er það sem þarf.
Við – látum hendur standa fram úr ermum (þrisvar) og ekkert þras.

Síðan voru frænkurnar í firði á ferð á milli bæja í miðjum mars.
Þá brast á ofsaveður, þær gáfust ekki upp.
Sögðu – :/: gerum betur :/:

Bíðum ekki hendur með í skauti.
Harkan sex er það sem koma skal og ef hann blæs á móti, við eigum við því svar.
Bara :/: gerum betur:/:

# NOTAÐ Í BLAND VIÐ NÝTT

FÖT FRÁ HJÁLPRÆÐISHERNUM OG VERSLUN RAUÐA KROSSINS Í BLAND VIÐ FYLGIHLUTI FRÁ ROKKI OG RÓSUM OG SPÚTNIK. ÞAÐ ER ALLTAF GAMAN AÐ KAUPA FÖT. HVAÐ ÞÁ AÐ LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA Í LEIÐINNI. HÆGT ER AÐ FINNA ALLS KYNS SKEMMTILEGA KJÓLA, SKYRTUR OG SKÓ Á LÁGU VERÐI Í VERSLUN HJÁLPRÆÐISHERSINS OG HJÁ RAUÐA KROSSINUM. BLANDA ÞESSU VIÐ FLOTTA FYLGIHLUTI. VINKONURNAR LENA OG BIRNA ERU SNILLINGAR Í SLÍKUM INNKAUPUM OG SKELLTU SÉR Í NOKKUR DRESS FYRIR SIRKUS RVK.



BIRNA Í RÖNDÓTTUM KJÓL FRÁ HJÁLRÆÐISHERNUM – 1.000 KR. HATTUR FRÁ ROKKI OG RÓSUM – 1.900 KR. BELTI FRÁ ROKKI OG RÓSUM – 900 KR. GULLKEÐJA FRÁ SPÚTNIK – 2.320 KR. SKÓR FRÁ RAUÐA KROSSINUM – 500 KR.



BIRNA ER Í SKYRTU ÚR HJÁLPRÆÐISHERNUM – 1.500 KR. HÁLSMEN FRÁ ROKKI OG RÓSUM – 1.200 KR. BELTI FRÁ ROKKI OG RÓSUM – 3.500 KR.



LENA ER Í SKYRTU FRÁ VERSLUN RAUÐA KROSSINS – 500 KR. ARMBAND FRÁ ROKKI OG RÓSUM. HÁLSMEN FRÁ ROKKI OG RÓSUM – 3.000 KR. HRINGUR ÚR SPÚTNIK – 2.200 KR.

SIRKUSMYND – HEIÐA



LENA ER Í BLÁRRI BLÚSSU FRÁ VERSLUN RAUÐA KROSSINS – 600 KR. BELTI FRÁ ROKKI OG RÓSUM – 900 KR. HVÍTT HÁLSMEN – 1.200 KR. GULLKEÐJA FRÁ SPÚTNIK – 1.200 KR.



BIRNA ER Í KJÓL FRÁ HJÁLPRÆÐISHERNUM – 2.000 KR. BELTIÐ – 3.900 KR. OG HATTUR – 1.900 KR. ERU KEYPT Í ROKKI OG RÓSUM. LENA ER Í SVÖRTUM KJÓL FRÁ VERSLUN RAUÐA KROSSINS – 2.000 KR. HATTUR – 1.900 KR. OG BELTI – 3.500 KR. FRÁ ROKKI OG RÓSUM.

ROBERTO CAVALLI.
VOR/SUMAR LÍNAN 2006

# EFTIRLÆTIS HÖNNUÐUR HEIMSFRÆGRA



Roberto Cavalli er vinsæll hjá ríka og fræga fólkinu. Victoría Beckham, Jennifer Lopez, Mary J. Blige og Lenny Kravitz dýrka hann. Sarah Jessica Parker og stjörnurnar úr Beðmálum í borginni voru klæddar hönnun hans. Roberto Cavalli er þekktur fyrir að hanna kvenlegan og kynæsandi fatnað. Hann er fæddur 1944 í Flórens á Ítalíu. Drengurinn byrjaði fyrir slysni að mála á skinn árið 1970 en það hafði enginn gert áður. Það sló svo rækilega í gegn að Vouge tók eftir honum og hefur leiðin legið upp á við eftir það. Cavalli á þrjú börn með eiginkonu sinni Evu. Þau kynntust árið 1977, en þá var Roberto dómari í keppninni um Ungfrú heim og Eva þátttakandi. Hún er virkur þátttakandi í öllum verkefnum hjá Cavalli-fyrirtækinu. Árið 2002 var Cavalli kosinn alþjóðlegur hönnuður ársins í New York, en hátíðina sóttu stærstu nöfn tískuheimsins. Hér sjáum við vor- og sumarlínu hans fyrir árið 2006.







ROBERTO CAVALLI MEÐ PLAYBOY-FYRIRSÆTUM. ÞAÐVAR HANN SEM HANNAÐI KANÍNUBÚNINGANA.







STÚRI, ANNA OG JÓN ATLI KLIPPA ÞIG EINS OG ÞAU VILJA.

SIRKUSMYND – GÚNDI

# ÓVISSUKLIPPING Á GEL GALLERÍI

**HÁRGREIÐSLUSTOFAN GEL GALLERÍ ER AÐ BYRJA MEÐ FREAKY FRIDAYS. ÞÁ GETA VIÐSKIPTAVINIR SEST Í STÓLINN OG FENGIÐ KLIPPINGU EN RÁÐA HINS VEGAR ENGU UM HVERNIG KLIPPINGIN VERÐUR.**

„Þú átt bara að setjast í stólinn og svo ertu klipptur. Þú ræður engu um útkomuna," segir Anna Sigríður Pálsdóttir, eigandi hárgreiðslustofunnar Gallerí Gel. Föstudaginn 3. febrúar verður svokallaður „freaky friday" á hárgreiðslustofunni og þá geta viðskiptavinir komið í klippingu en hafa hins vegar ekkert um það að segja hvernig þeir eru klipptir.

### ENGIN HÁRKOLLUGERÐ

Anna segir að andrúmsloftið á föstudaginn kemur verði skemmtilegt. „Það á að vera stemning, við munum fá dj-a til að spila og halda uppi stemningu. Það verður hægt að hlusta á almennilegt teknó og drekka bjór meðan þú færð klippingu," segir Anna. Þótt viðskiptavinurinn ráði engu um það hvernig hann mun líta út þá verður hann ekki klipptur eins og hálfviti. „Þetta verður allt fagmannlega gert og ekki verið að gera neinar hárkollur," segir Anna.

### ÍSLENSK HUGMYND

Hugmyndin að baki „freaky friday" er óneitanlega bráðsniðug.

Er þetta að erlendri fyrirmynd?

„Ég hef ekki heyrt um þetta annars staðar. Það er svolítið langt síðan þessi hugmynd kom upp, ég held að það séu um tvö ár síðan," segir Anna.

Er verðið það sama og vanalega?

„Þetta er sama verð en það eru meiri líkur á að þú fáir bjór og teknótónlist."

### MEÐ HÚÐFLÚR Á BAKINU

Anna þarf stöku sinnum að gera hlé á símtalinu við blaðamann. Ástæðan er góð og gild. Hún er að fá sér tattú með blaðamann á línunni.

Træbal?

„Nei auðvitað ekki. Þetta eru vængir á bakinu sem ná niður eftir upphandlegg."

### STÚRI KOMINN TIL STARFA

Anna stendur ekki ein í „freaky friday"-stússinu. Klipparinn Jón Atli Helgason tekur þátt þessu með henni ásamt hinum nýja starfsmanni stofunnar. „Hann heitir Stúri og var að byrja að vinna hérna. Hann kláraði skólann '95 og er búinn að vera að klippa bæði í Svíþjóð og Danmörku. Svo fékk hann nóg af þessu og fór að vinna við járnabindingar. Núna snýr hann aftur þannig að það er óhætt að segja að hann komi ferskur inn á markaðinn." -SHS

# IMMA OPNAR Í KLING OG BANG

## LISTASÝNING Í GAMLA BOLTAMANNINUM

„Það er ekki hægt að ætlast til þess," segir listakonan Imma þegar blaðamaður ber fyrir sig að skilja ekki lýsingu á væntanlegri sýningu listakonunnar en lýsing þessi birtist í þar til gerðri sýningarskrá. „Óvissan er frelsi frá hinu liðna, frá hinu þekkta sem er fangelsi gert af fortíð. Leit að öryggi er að vera háður hinu þekkta, það þekkta er fortíð okkar," segir í sýningarskránni og dæmi nú hver fyrir sig um skiljanleika þessarar lýsingar. Sýning þessi sem um ræðir verður í Kling og bang á morgun klukkan fimm. Listakonan Imma lauk námi við Listaháskóla Íslands en hélt þaðan í Figurativ Theater skolen í Noregi. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hérlendis sem erlendis. Henni er ekkert listform óviðkomandi, og hún sér snertiflöt milli allra listgreina.

*Segðu okkur nú frá þessari sýningu á mannamáli.*

„Ég er með innsetningu, vídeó og svona skúlptúra. Þetta er eitthvað sem ég vinn heildrænt inn í rýmið. Er til dæmis að vinna með nöfn á ilmvötnum. Ég geri það þannig að ég bý til skúlptúra úr ilmvatnsglösum," segir Imma vel skiljanleg.

*Þýða þessi verk eitthvað?*

„Ég er löngu hætt að vinna með svona hugmyndir þannig séð. Maður getur farið að vinna á auglýsingastofu ef maður ætlar að vinna á þann hátt. Ég lít svo á að ég sé að vinna úr framtíðinni," segir Imma og útskýrir að hún voni að hún nái að koma með strauma framtíðar í list sinni. Í staðinn fyrir að vinna með tískufyrirbæri nútímans. „Ég vona að þessi sýning sé eins og að labba inn á svið þegar allir leikararnir eru farnir. Ég ætla að ganga alla leið í banalítetinu. Svo verð ég með tónlist eftir Sverri Stormsker í bakgrunni."

*Ertu aðdáandi hans?*

„Nei, ekkert endilega, þetta bara passaði vel inn í sýninguna. Þetta eru bara ofsalega falleg lög," segir Imma og bætir við að lokum að allir séu velkomnir á sýninguna í Kling og bang. -SHS



IMMA OPNAR Í KLING OG BANG Á MORGUN.




EINN RÍKASTI OG FALLEGASTI STRANDBÆR
Í HEIMINUM OG SIRKUS ER MEÐ ÓTAKMARKAÐAN
AÐGANG AÐ 8 RÍKUM UNGMENNUM SEM BÚA ÞAR.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is



EYJÓLFUR OG HALLDÓR ERU EKTA FISKIKARLAR.

SIRKUSMYND – SÓLI

# FISKIPRINSINN FÆDDUR Í KÓPAVOGI

## EYJÓLFUR JÚLÍUS PÁLSSON ER FISKIPRINSINN. HANN LÆRÐI ÖLL RÉTTU HANDTÖKIN HJÁ FISKIKÓNGINUM OG HEFUR NÚ OPNAÐ SÍNA EIGIN FISKBÚÐ Í HLÍÐARSMÁRA 8 Í KÓPVOGI.

**Fiskiprinsinn:** „
Fiskbúðin, góðan dag.“
**Blaðamaður:**
„Já, halló er það fiskiprinsinn?“
**Fiskiprinsinn:**
„Passar, þetta er fiskiprinsinn.“

Þannig hófst samtal blaðamanns við Eyjólf Júlíus Pálsson, sem einnig er þekktur sem fiskiprinsinn. Eyjólfur þessi hefur nú opnað fiskbúð í Hlíðarsmára 8 í Kópavogi og ber hún heitið Hafið Fiskiprinsinn, og er staðsett beint á móti Krossinum. „Við erum hér í kristilegu umhverfi,“ segir hann. „Ég tók við búðinni á Þorláksmessu og breytti henni frá a til ö áður en ég opnaði hana svo í byrjun janúar,“ segir fiskiprinsinn sem á fiskbúðina með félaga sínum, Halldóri Heiðari Halldórssyni. Búðin hefur vægast sagt fengið góðar viðtökur að sögn Eyjólfs. Salan margfaldast frá því sem var.

### FISKUR ER ÁSTRÍÐA

Eyjólfur viðurkennir fúslega að fiskurinn sé miklu meira en starfsvettvangur – þetta er ástríða. „Þetta er mitt helsta passíón. Ég var að vinna í fiskbúð sem var söluhæsta og flottasta fiskbúðin í bænum og þar kviknaði áhuginn,“ segir Eyjólfur. Stöldrum aðeins við því þessi fiskbúð sem Eyjó vann eitt sinn í er engin venjuleg fiskbúð, heldur er það fiskbúðin Vör, sú sem fiskikóngurinn sjálfur átti og rak en seldi fyrir nokkru. „Eigandinn var frændi minn og ég vann hjá honum í fimm ár. Það er náttúrulega bara einn fiskikóngur þannig að mér fannst tilvalið að ég yrði fiskiprinsinn,“ segir Eyjólfur og hlær. Það er munur á kóngi og prins. „Ég er meiri „gourmet“-maður en hann.“ Eyjólfur stundaði einnig kokkanám um nokkurt skeið og segist hafa lært talsvert þar að minnsta kost hvað varðar að útbúa fiskrétti.

### HRIFINN AF RAUÐSPRETTUNNI

Fiskiprinsinn býður upp á alla flóruna af maríneruðum fiskréttum. Einnig býður hann upp á ferskan fisk.

*En hver er þinn uppáhalds fiskur?*

„Ég er rosalega hrifinn af rauðsprettu, svo er ég líka með hana í svo hrikalega góðri maríneringu. Keilan og langan eru líka í miklu uppáhaldi. Þær eru ekki ósvipaðar skötuselnum, bara miklu ódýrari og hægara að matreiða þær. Það getur hver sem er sett keiluna í ofninn,“ segir Eyjólfur. Það er einmitt það sem Eyjólfur leggur upp með, að hafa réttina fljótlega og þægilega fyrir nútímafólk. „Það þarf bara að henda þessu í ofninn í 20 mínútur á 200 gráðum og þá er það klárt.“ - SHS

# 7 SEM HEFÐU GETAÐ ORÐIÐ BJARTASTA VONIN

## BENNI HEMM HEMM HREPPTI HNOSSIÐ TÆPLEGA ÞRÍTUGUR





**ANDRI BACHMANN**
Hefur haldið ógleymanlega tónleika á Kringlukránni.



**HELENA EYJÓLFS**
Gaf út stórkostlega safnplötu í fyrra þar sem Hvítir mávar hlutu endurnýjun lífdaga.



**PÉTUR PÉTURSSON**
Álftagerðisbræður eru ungir og efnilegir söngvarar.



**ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
Stjarna þessarar stúlku rís hratt.



**RÚNAR JÚLÍUSSON**
Ótrúlega efnilegur bassaleikari.



**BUBBI MORTHENS**
Ungur og róttækur maður.



**INGIBJÖRG ÞORBERGS**
Er líkleg til stórra afreka í framtíðinni í kjölfar plötunnar Í sólgulu húsi.

# ÚTRÝMUM TREFLUNUM!











Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum að við kallarnir erum að byrja með sjónvarpsþátt núna á mánudaginn. Ef þú vissir það ekki, skeindu þér þá. Það eru margir sem spyrja mig af hverju í andskotanum við vorum ekki búnir að drulla okkur í sjónvarpið fyrr. Hey, ef ég hefði fengið tíkall í hvert einasta skipti sem ég hef verið beðinn um að stjórna sjónvarpsþætti þá myndi ég kúka monní. Málið er bara það að þegar þú ert fáránlega myndarlegur og gríðarlega hæfileikaríkur þá segirðu ekki já við fyrsta tækifærinu sem býðst. Treflarnir hins vegar eru úti að skíta með þetta. Eyvi Karls var t.d. búinn að skrifa undir að taka þátt í JingJang áður en að hann vissi hvern djöfulinn hann var að fara út í. Enda þurfti að skeina honum Eyva og síðast þegar ég vissi var ennþá verið að skeina honum. En Eyvi er ekki eini trefillinn sem hefur drullað á sig, treflar hafa bara verið í fullri vinnu við að hafa hægðir. Enda kemur ekki á óvart að hnakkarnir eru að taka yfir og treflarnir að deyja út.

Núna tökum við kallarnir allt upp sjálfir og klippum það sjálfir líka. Það er eitthvað sem að treflarnir hafa aldrei bakkað upp. En það sem er náttúrulega það magnaðasta við þáttinn okkar er að í fyrsta skipti í íslensku sjónvarpi eru komnir myndarlegir menn í formi á skjáinn og eru ekkert eðlilega skemmtilegir líka. Það er greinilegt að boðskapur Gillz er að ná að breiðast út því það er mikið meira um fallegt fólk núna í íslensku sjónvarpi. Ef ég næ takmarkinu þá verða allar þessar talentlausu fituklessur farnar að gera eitthvað annað og fallega fólkið tekið við.

Hversu mikill lúxus er það að geta kveikt á sjónvarpinu og séð The Kolb, Gillz, Blö, Silvíu, eða Hjenz og svona augnakonfekt í staðinn fyrir að þurfa á horfa á Eyva Karls, Adolf Inga Erlingsson og fleiri svoleiðis mongólíta.

En er hnakkavæðingin að gera eitthvað jákvætt spyrjið þið kannski?

Ég rölti inn í tvo grunnskóla í Kópavogi í vikunni þegar það voru frímínútur til að athuga hvort ástandið á börnunum hefði eitthvað batnað. Og viti menn, hver einn og einasti krakki var úti að leika sér í fótbolta og skotbolta. Fyrir ári síðan voru leikvellirnir tómir og allir nemendurnir inni í tölvuleikjum með stórt snickers við hönd. Ég vil kannski ekki taka allt kreditið fyrir þessa góðu þróun en ég á lágmark 90% af henni.

Undanfarið hafa allir treflar landsins verið með bros á vör eftir að nýju þættirnir á Sirkus mæltust misvel fyrir. Þeir skrifa í blöðunum og á netsíðum að hnakkainnrásin hafi verið stutt og leiðinleg. Menn tala eins og að hnakkainnrásin sé búin og hún hafi verið ömurleg! Ég held ég verði bara að minna menn á það að kallarnir eru ekki ennþá mættir á skjáinn.

Menn hafa eitthvað verið að spyrja mig hvort að það sé ekki mikil pressa á okkur að gera góðan þátt. Ég hlæ alltaf þegar ég er spurður að þessu því að hvernig getur verið pressa á okkur þegar íslenskir sjónvarpsþættir blása konunglegan. Við getum lagt núll effort í þættina en þeir munu alltaf toppa Það var lagið, Bachelor, Popppunkt, Jing Jang, Laugardagskvöld með Gísla Marteini, Geim Tv, Fólk með Sirrý, Innlit/útlit og alla þessa ömurlegu þætti sem ég nenni ekki að telja upp. En reyndar hafa verið einstaka góðir þættir inni á milli eins og Fóstbræður og Silvía Nótt. Síðan er líka helvíti gaman að Stelpunum og Strákarnir eru flottir líka.



Þið verðið bara að stilla á Sirkus á mánudaginn þegar kallarnir mæta á skjáinn. Við erum ekki að fara að mæta á Ólíver með myndavél og taka viðtöl við drukkna Íslendinga, heldur einbeitum við okkur frekar að pung og skemmtun. Þátturinn hefur oft verið auglýstur sem meikóver-þáttur. Það getur vel verið að einn, tveir þættir hafi meikóver-þema en við höfum aldrei gefið það út að allir þættirnir verði þannig. Líka að vara ykkur við einu áður en að þið viðkvæmu sálir stillið á Sirkus. Það er alveg möguleiki að orðið PUNGUR komi fyrir einu sinni eða tvisvar. Ef að þið höndlið það ekki látið þá kork í ykkur og horfið á Það var lagið í staðinn bara.

Ég fékk einhverja afsökunarbeiðni í sms-i um daginn. *„Dreng, blessaður, Dóri Ásgríms hérna, sorry að ég skeit á mig um daginn og lét eins og ég þekkti þig ekki dreng. Það er bara mikið að gera og ég var eitthvað utan við mig. Vona að þú getir fyrirgefið mér, ég veit að ég skeit á mig.“* Hver í ANDSKOTANUM er Dóri Ásgríms???

**Þangað til næst, Sææææææææælar!**
**Kv. Gillz**


NIÐURSTÖÐURNAR ÚR FJÖLMIÐLAKÖNNUN GALLUP LIGGJA FYRIR:
FRÁBÆR ÁRANGUR!
ÍSLENDINGAR HAFA TEKIÐ OKKUR OPNUM ÖRMUM
3 blöð í einu
hér&nú
Á LEIÐINNI FRAM ÚR
SÉÐ OG HEYRT
20%
hér&nú
23%
SÉÐ OG HEYRT
Á ótrúlega stuttum tíma hefur Hér&Nú náð svipaðri útbreiðslu og Séð og heyrt*
Þetta er einfaldlega frábær árangur og sýnir að viðtökur íslensku þjóðarinnar
hafa verið framar björtustu vonum. Nú þarf enginn að efast um að auglýsing í
Hér&Nú er markviss og góð fjárfesting. Við þökkum frábærar móttökur!
*SKV. FJÖLMIÐLAKÖNNUN GALLUP OKTÓBER 2005
hér&nú
SÍMI 550 5833

# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**



EMILÍANA TORRÍNI, SÖNGKONA ÁRSINS, MYNDBANDIÐ SUNNY ROAD VAR EINNIG VALIÐ SEM MYNDBAND ÁRSINS

# ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

SIRKUSMYNDIR HEIÐA



BENNI HEMM HEMM HREPPTI TVENN VERÐLAUN, BJARTASTA VONIN OG DISKURINN BENNI HEMM HEMM FÉKK VERÐLAUN UNDIR FLOKKNUM ÝMIS TÓNLIST.



BUBBI VAR VALIN SÖNGVARI ÁRSINS



SIGURRÓS SÓPAÐI AÐ SÉR VERÐLAUNUM.

# BABÝLON MEÐ BJÖSSA ÚR MÍNUS

„Þetta er rokkþáttur með engar takmarkanir á rokkstefnum," segir Björn Stefánsson, betur þekktur sem Bjössi í Mínus, en þáttur hans Babýlon er á dagskrá X-ins 97,7 alla sunnudaga frá 22–00. Athugið að þátturinn var áður á þriðjudagskvöldum en hefur nú verið færður yfir á hvíldardaginn. „Ég er búinn að vera með þáttinn síðan í desember. Þetta er mjög skemmtilegt og ég lít í raun á þetta sem áhugamál frekar en vinnu. Þarna get ég grúskað ennþá meira í tónlist en ég geri dags daglega."

*Hvað verður að gerast hjá þér á sunnudagskvöldið?*

„Ég ætla að reyna að fá gesti úr íslenska tónlistarlífinu. Ólíkt fólk til að mæta með sína tónlist og segja frá uppgötvun sinni á tónlistinni. Þess á milli ætla ég að spila basic þungarokk," segir Bjössi sem mun einmitt verða plötusnúður á Bar 11 annað kvöld.

útvarp X 97·7

DAGSKRÁRLIÐUR VIKUNNAR



BJÖSSI ÞEKKIR ROKKIÐ EN Á ÞESSARI MYND ER BASSAFANTURINN OG KOLLEGI HANS AÐ FARA HAMFÖRUM Á TÓNLEIKUM MEÐ MÍNUS.

BJÖSSI Í MÍNUS ER MEÐ ÞUNGAROKKSÞÁTT Á X-INU Á SUNNUDÖGUM.

# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

## AFMÆLI OG HVÍTVÍNSGLAS



„Ég er leika í Túskildingsóperunni í kvöld og annað kvöld," segir Halla Vilhjálmsdóttir leikkona. „Ég á afmæli á mánudaginn svo að eftir laugardagssýninguna fer ég kannski með vinunum að fá mér hvítvínsglas. Næstibar eða Prikið mun líklegast verða fyrir valinu því þeir eru svo nálægir og auðvelt að klangrast þangað ef maður skyldi fara í afmælisskóna. Maður verður að halda aðeins upp á afmælið," segir Halla kát í bragði. „Ég er nýbúin að sjá leiksýninguna Eldhús eftir máli sem ég mæli eindregið með. Það er alltaf uppselt svo að það þarf að panta með góðum fyrirvara. Þetta er fimm stjörnu snilldarsýning sem er rosalega vel sett saman og gífurlega vel leikin. Á sunnudaginn munum við fjölskyldan annaðhvort fara út að borða á Skólabrú eða halda kökuboð heima."

**Halla Vilhjálmsdóttir leikkona.**

## HVERFISBARINN OG MUNICH



„Ég fer yfirleitt á Hverfisbarinn eða Óliver ef ég kíki eitthvert út á lífið," segir Tinna Alavis. „Við vinkonurnar skemmtum okkur best á þeim stöðum, skemmtileg tónlist og hægt að dansa við stuðtónlist. Annars langar mig mjög til þess að sjá kvikmyndina Munich sem er frumsýnd í kvöld. Steven Spielberg leikstýrir myndinni sem á að gerast á ólympíuleikunum í München árið 1972. Mér finnst mjög gaman að fara út að borða og það er aldrei að vita nema maður fari á Sjávarkjallarann um helgina en það er einn af uppáhaldsstöðunum mínum."

**Tinna Alavis fyrirsæta.**

## HELJARINNAR YFIRLITSSÝNING



„Ég er að undirbúa yfirlitssýningu á verkum mínum," segir Birgir Örn Thoroddsen, betur þekktur sem Curver. „Ég verð nefnilega þrítugur þann 1. febrúar og það er semsagt tilefni sýningarinnar. Það verður sambland af tónlist og myndlist. Ég mun fara yfir gömlu verkin og skipuleggja tónleikana alla helgina. Þær hljómsveitir sem munu spila eru Ghostigital, Somtime, Kimono, Dópskuld og auðvitað Curver en fyrrnefndar hljómsveitir tengjast mér á einn og annan hátt. Opið fyrir alla og ókeypis inn. Þetta verður skemmtileg sýning."

**Birgir Örn Thoroddsen, Curver, tónlistar- og myndlistarmaður.**

Sodoma Reykjavík

# SKEMMTISTAÐIR

## FÖSTUDAGUR 27. JANÚAR

### KRINGLUKRÁIN
Kringlukráin kemur með fjörið. Eftir erfiðan dag á útsölum er hægt að tylla sér niður á Kringlukrána og fá sér kaldan. Staldraðu við aðeins lengur og þá ættirðu að ná því þegar Hljómsveitin Hafrót telur í og spilar fram á rauðanótt. Hafrót er einhver vanmetnasta ballhljómsveit landsins og ætti enginn að láta dansleik með henni framhjá sér fara.



### ÓLIVER
Á skemmtistað fallega fólksins verður nóg um að vera um helgina. Gussi verður heitur í dyrunum en inni verður það DJ J.B.K. sem sér um sína. Það er sagt að kappinn sé nýútskrifaður en hvaðan hann var að útskrifast fylgir ekki sögunni, hvort sem það var af Kleppi, Landakoti eða úr fokking partíháskóla Íslands. Hann kann allavega sitt fag.

### VICTOR
Á Café Victor er fjörið um helgina. Það verður Idol-partí þegar fyrsti þátturinn úr Smáralind er á dagskrá og býður Victor fólki að koma á staðinn og sjá þáttinn á risaskjá. Það er svo DJ Stef sem að sér um að hrista kroppa kvöldsins en hann er einmitt einn sá hárfagrasti sem sögur fara af.

### HRESSÓ
Skák og mát? Nei, allavega mun hljómsveitin Mát spila fyrir dansi á Hressingarskálanum um helgina. Það verður fjör og fyllirí þar til DJ Johnny tekur við og lætur skífurnar kenna á því. Þá verður dansað og drukkið enn meira í góðu stuði. Af hverju í fjandanum ætlarðu að missa af því? Nei, hélt ekki.

### BAR 11
DJ Bjössi í Mínus stígur upp frá trommusettinu og leikur almennilega þungarokkstónlist á Bar 11 frá tólf til sex. Hann ætti að koma fjölmörgum stórsmellum að á þeim tíma og ætti enginn ekta rokkari að láta þetta framhjá sér fara.



### PRIKIÐ
Plötugellurnar Erna & Ellen verða á Prikinu um helgina. Þær virðast aldrei taka sér frí þessar síkátu stúlkur og fjörið funar sífellt í æðum þessara yngismeyja. Þær munu ekki gefa millimetra eftir á Prikinu á föstudagskvöldið og ætti hver sem er að geta komið sér í rétta gírinn gólfinu.

### SÓLON
Hann heitir ekki Hafsteinn þó svo að margir vilji meina það. Hann heitir Heiðar og er Austmann. Hann verður að spila á Sólon um helgina og nú ættu gestir staðarins að vera með á hreinu hverju þeir eiga að svara þegar Heiðar rífur í mækinn og öskrar: „What's my motherfucking name?"

### GAUKURINN
Frikki í Igore veit hvað hann syngur og veit hvað hann spilar. Hann fer nú létt með að þeyta nokkrum skífum undir nafninu Frigore og verður efri hæð Gauksins titrandi og taktföst á föstudaginn.

### NELLY'S
Fíllinn hún Nelly sér flýtti af stað og ætlar nú að drífa sig niður á Nelly's þar sem hljómsveitin Touch leikur fyrir dansi á föstudaginn. Það verður margt um manninn á þessum dansleik og verður Nelly að láta lítið fyrir sér fara ef hún ætlar að ekki að troða fólk niður.

### HVERFISBARINN
Gleraugun hans Kidda Bigfoot eru gul eins og sólin sem skín nú stutt þessa dagana. Kiddi skín hins vegar skært og ætlar að spila réttu hljómana fyrir gesti og gangandi á Hverfisbarnum. Þar verða píur og þar verða peyjar í pungsveittu stuði. Lítið við og verið.

### VEGAMÓT
Er það Jóhannes eftirherma? Er það Bubbi á Skarði eftirherma? Er það Björgvin Franz eftirherma? Er það Hólm eftirherma? Nei, það er enginn af ofangreindum heldur er það Hermigervill sem ætlar að sjá um sína á Vegamótum um helgina. Þar leikur hann það sem þú vilt heyra og hrista skrokkinn við.

### PRAVDA
Háskólanemar ættu að geta fundið sér griðarstað á Pravda á föstudagskvöldið þar sem verður svokallað háskólapartí. Partíið hefst klukkan sjö og verða tilboð á barnum eins vant er.

## LAUGARDAGUR 28. JANÚAR

### KRINGLUKRÁIN
Allt er fertugum fært. Sérstaklega þegar þeir láta sjá sig á Kringlukránni og stíga sporið. Um helgina ætti fólk á öllum aldri að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þegar hljómsveitin Upplyfting stígur á stokk og tekur smelli á borð við Traustur vinur og Endurfundi. Það ætti enginn að missa af því.

### OLIVER
Flottasta par landsins, Suzy & Elvis, munu láta gesti og gangandi á skemmtistaðnum Oliver þreyta lappir sínar með trylltum dansi um helgina. Þau skötuhjú vita hvað þau syngja þegar kemur að skemmtanalífi og kunna að halda hitanum í fólki með seiðandi en um leið dansvænum tónum.

### VICTOR
Haldiði ekki að DJ Stef sé bara mættur aftur á Victor í meira stuði en nokkru sinni fyrr. Nei, þetta er ekki gabb. Hann er kominn aftur og verður með nýtt og gamalt í gírnum sínum. Þetta er síðasta helgin í mánuðinum þannig að þú mátt eyða talsverðum fjárhæðum því þú færð útborgað eftir helgi.

### HRESSINGARSKÁLINN
Það er fyrir löngu orðið ljóst að Gotti borðar ost og þarf ekkert að deila um það neitt frekar. Hins vegar vissu ekki allir að hann hefur verið að trúbbast ásamt félaga sínum Eisa og munu þeir halda uppteknum hætti á Hressingarskálanum. Það verður svo DJ Johnny sem tekur við kyndlinum og klárar nóttina með léttum leik.

### BAR 11
Á Bar 11 verður nóg um að vera um helgina enda hituðu kapparnir í Kings of Hell staðinn rækilega vel upp um síðustu helgi. Nú er það DJ Gulli í Ósóma sem mun halda uppi stuðinu meðan hann klæðist flottasta bolnum í bænum. Það er nú bara þannig og ekkert flóknara.



### PRIKIÐ
Harry Potter, eða Gísli Galdur eins og hann er kallaður á íslensku, mun hrista fram úr erminni almennilega tónlist á Prikinu á laugardaginn. Hann veit hvernig á að gera þetta og gefur ekkert eftir í þetta skiptið. Hippaðu og hoppaðu um helgina með Gísla Galdri.

### SÓLON
Heiðar Austmann verður ekkert farinn að slá af á laugardagskvöldinu þrátt fyrir að hafa gert allt vitlaust kvöldið áður. Þessi maður er fullur af orku og þarf enginn að hafa áhyggjur af því að detta úr gírnum þar sem Austmann er annars vegar.

### GAUKURINN
Það er skrall og almennilegt ball á Gauknum á laugardagskvöldið. Það er nú bara ekkert flóknara. Hin stórskemmtilega ballhljómsveit Bermúda mun leika fyrir dansi á laugardagskvöldið en Frígorinn verður á sínum stað á efri hæðinni. Það ættu því allir auðveldlega að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

### NELLY'S
Það er enginn annar en DJ hússins sem sér um fjörið á Nellys á laugardagskvöldið. Hver sem þessi DJ hússins nú er þá verður allavega eitthvert fjör í gangi.

### HVERFISBARINN
Gulu gleraugun hans Kidda Bigfoot verða aftur mætt á Hverfisbarinn ásamt eiganda sínum og gefa ekkert eftir í baráttunni við dansþyrsta gesti Hvebbans.

### VEGAMÓT
DJ Jói var að spila á Vegamótum um síðustu helgi og var vægast sagt geðveik stemning. Það verður það sama uppi á teningnum þetta ágæta laugardagskvöld þegar Jói snýr aftur með funheita tónlist. Þetta er eitthvað sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Ekki nema hann sé stórskrýtinn.

### PRAVDA
Diskóstemning á Pravda á laugardagskvöld. Það er nú ómissandi fjör.

# LANDSBYGGÐIN

### DÁTINN
Það er jú draumur að vera með dáta, hvort sem þú ætlar að dansa fram á nótt eða ekki. Það er líka gaman að skemmta sér á Dátanum á Akureyri ef út í það er farið. Þar verður allavega ekta stuð um helgina þegar DJ drottningin Lilja spilar og verður gyllta vatnið á góðum kjörum. Meðal annars þrír böddarar á 800 kall.



### SJALLINN
Ævintýrin gerast í Sjallanum á Akureyri og það er engin lygi. Það eru Paparnir sem að ætla að spila þar og verður stemingin þar álíka herleg og brullaupsveisla þeirra Villa kokks og Dómhildar. Það hefur verið boðað að Matti verði í miklu stuði og það er nú bara eins og það er. Hann er stuðkall.

### YELLO
Það er Dj Gunni sem heldur uppi fjörinu á föstudeginum á hinum splunkunýja Yello í Keflavík. Það er svo sjálfur Atli skemmtanalögga sem sér um sína á laugardaginn. Óskabarn Keflavíkur er komið heim í heiðardalinn og gerir allt vitlaust. Fjörið er þar sem það á að vera.

### ODD-VITINN
Hljómsveitin Trabant hefur farið nokkrar góðar ferðir í vetur norður á Akureyri og haldið dúndurtónleika. Þeir ætla einmitt að gera slíkt hið sama um helgina og halda almennilegt ball á Odd-vitanum á laugardagskvöldið og þarf ekkert að skeggræða það neitt hvort það verði fjör eða ekki. Þar sem Trabant er, þar er Rassi Prump ber að ofan í feiknafjöri og fær fólkið með sér.

### PLAYERS
Á Players í Kópavogi er heldur betur nóg um að vera svo ekki meira sé sagt. Á föstudagskvöldið er það hljómsveitin Ísafold sem heldur uppi stuðinu. Á laugardeginum eru það svo Vinir vors og blóma sem spila smellina sína fjölmörgu. „Já, ég bið þig nú, förum saman tvö verum frjáls. Gerum það sem að ekki má..."

# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**

# LISTASÝNINGAR



### AURUM
Ljósmyndarinn Katrín Elvarsdóttir sýnir myndir sem eru hluti af Heimþrá-seríunni. Sýningin mun standa til 3. febrúar.

### ARTÓTEK GRÓFARHÚSI
Sýning á verkum Valgerðar Hauksdóttur myndlistarmanns hefur verið opnuð á 1. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin er sjöunda í röð sýninga á verkum listamanna sem eiga listaverk í Artóteki – listhlöðu í Borgarbókasafni.

### BANANANANAS
Nýlegt gallerí sem heldur spennandi sýningar, að þessu sinni stendur sýning eftir Spessa á veggjum. Sýningin nefnist Portray og mun vera til 28. janúar. Síðustu forvöð.

### CAFÉ KARÓLÍNA
Aðalsteinn Svanur Pétursson sýnir bleksprautuprentanir sem margir vildu geta státað sig af.



### GALLERÍ I8
Ólafur Gíslason opnaði sýningu í i8 á fimmtudaginn sl. sem mun nú standa yfir í nokkrar vikur. Áhugaverð sýning hjá Ólafi sem vert er að skoða.

### GALLERÍ + AKUREYRI
Það eru þær Ingileif og Áslaug Thorlacius sem sýna verk sín til 22. janúar.

### GALLERÍ TURPENTINE
Myndlistarmaðurinn Hallgrímur Helgasson er með sýningu sína fram til 31. janúar.

### HAFNARBORG
Færeyingurinn Kári Sveinsson og Pétur Bjarnason myndhöggvari munu sýna verk sín til 30. janúar.

### HALLGRÍMSKIRKJA
Þær Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir verða með sýningu í kirkjunni háu til loka febrúar.

### HRAFNISTA HAFNARFIRÐI
Sýning í Menningarsalnum á verkum Ellenar Bjarnadóttur. Sýningin stendur til 7. febrúar.

### I8
Fiskidrama er sýning sem samanstendur af myndbandi, skúlptúr og teikningum. Opið er miðvikudaga til föstudaga frá klukkan ellefu til fimm og laugardaga frá klukkan eitt til fimm.

### IÐA
Nú stendur yfir sölusýning á verkum Þóru Guðrúnar Benediktsdóttur. Sýningin stendur yfir til loka þessa mánaðar. Fer hver að verða síðastur.

### KARÓLÍNA RESTURANT
Enginn annar en Óli G. verður með sýningu til loka aprílmánaðar.

### LISTASAFN ASI
Bræðingur hönnunar og myndlistar. Hvar liggja mörkin á milli myndlistar og hönnunar? Þetta spyrja þau Ragnheiður Ingunn Ágústadóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Bjarni Baldvinsson og Tinna Gunnarsdóttir sig. En þau fara yfir svið hvert annars og finna má textíl, myndlist, speglamottur og púsluspil ásamt fleiri verkum á sýningunni sem mun standa til 5. febrúar.

### LISTASAFN ÍSLANDS
Myndlist II – Um rými og frásögn. Þrettán íslenskir samtímalistamenn sýna list sína. Sýningin stendur til 12. febrúar.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS
Myndir eftir Erró eru til sýnis og mun sýningin vera til 23. apríl.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR
120 ár frá fæðingu málarans Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Sýningin mun standa til 19. mars

### LISTASAFN KÓPAVOGS
Á efri hæðinni er það Kristín Þorkelsdóttir sem fer af stað með sýningu sem hún nefnir Tvo heima. Sýnishorn af grafískri hönnun Kristínar, allt frá upphafi ferils hennar á síðari hluta sjötta áratugarins, verða í vestursal safnsins. Á neðri hæð safnsins er sýning sem ber heitið Þræðir. Á henni eru um 20 kjólar og yfirhafnir sem Guðrún Vigfúsdóttir hannaði og óf á meðan hún rak vefstofu á Ísafirði. Vefstofuna stofnaði Guðrún árið 1965 og rak í 20 ár.

### NÝLISTASAFNIÐ
Þremenningarnir Kees Visser, Þór Vigfússon og Ívar Valgarðsson leiða saman hesta sína til 28. janúar .
1. febrúar mun svo Curver opna yfirlitssýningu sem mun standa yfir í fimm daga. Tónlist og myndlist. Hljómsveitir eins og Ghostigital, Somtime, Kimono og Dópskuld eru allar tengdar drengnum og munu spila á mismunandi kvöldum þessa fimm daga.

### SALTFISKASETUR
Í Listsýningarsal verður málverkadrottningin Margrét Bára með sýningu til 27. janúar. Opið er 11–18 alla daga.

# LEIKHÚS

## FÖSTUDAGUR 27. JANÚAR

### CARMEN
Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen, Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI



Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Þeir sem hafa ekki ennþá séð þetta skemmtilega stykki: Hei, kauptu þér miða og farðu klukkan átta í kvöld!

### GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Steypibaðsfélagið Stútur í samstarfi við Vesturport setur upp verkið Glæpur gegn diskóinu. Dauður köttur, diskókvöld sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vendipunktar í þessu mannlega ferðalagi um karlmennskuna. Þetta er eitthvað sem verður að kanna. Sýningin er klukkan átta á nýju sviði Borgaleikhússins.

### NAGLINN
Nýtt verk eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig.
Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttnum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

### MIND CAMP
Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. En leikendurnir eða væri nær að segja flytjendur hafa lagt sitt í púkkið. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Áhugaverð sýning.

### TÚSKILDINGSÓPERAN
Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.



### TÖFRAFLAUTAN
Í tilefni 250 ára afmælis Mozarts setja nemendur Söngskólans í Reykjavík upp Töfraflautuna sem er ein þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Þetta er ekta ævintýri sem höfðar til allra aldurshópa. Um að gera að skella sér í Iðnó og sjá upprennandi óperustjörnur landsins. Þegar er uppselt á frumsýninguna og einungis eru þrjár sýningar í boði. Um er að ræða sextán einsöngvara og kór en stjórnandi er Garðar Cortes.

### TYPPATAL
Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir við þýðingu Jóns Atla Jónassonar. Höfundurinn Richard Herring byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmannsins er svarað. Sýningin hefst klukkan hálfníu á Nasa en húsið opnar klukkan átta.

## LAUGARDAGUR 28. JANÚAR

### BELGÍSKA KONGÓ
Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### CARMEN
Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen, Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

Sodoma Reykjavík

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit Fullkomið brúðkaup er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningar hafa gengið fyrir fullu húsi síðan í haust. Kauptu þér miða og farðu klukkan sjö í kvöld.



### NAGLINN

Nýtt verk eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig.
Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnyttnum og beinskeyttum húmor á kaldhæðinn hátt. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.

### HIMNARÍKI

Verkið var fyrst sýnt 1995-1996 og var sýningum hætt fyrir fullu húsi. Himnaríki hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og sýnt víða um heim. Guðlaug Elísabet, Jóhann G., Elma Lísa og Friðrik Friðriksson fara meðal annars með hlutverk ásamt fleiri góðkunnum leikurum. Sýningin hefst klukkan átta.



### TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

### TÖFRAFLAUTAN

Í tilefni 250 ára afmælis Mozarts setja nemendur Söngskólans í Reykjavík upp Töfraflautuna sem er ein þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Þetta er ekta ævintýri sem höfðar til allra aldurshópa. Um að gera að skella sér í Iðnó og sjá upprennandi óperustjörnur landsins. Þegar er uppselt á frumsýninguna og einungis þrjár sýningar í boði. Um er að ræða sextán einsöngvara og kór en stjórnandi er Garðar Cortes. Sýningin hefst klukkan þrjú.

### TYPPATAL

Auðunn Blöndal hefur farið á kostum í einleiknum Typpatal og hefur sýningin algjörlega slegið í gegn. Einleikurinn er um lillemann almennt. Sigurður Sigurjónsson leikstýrir við þýðingu Jóns Atla Jónassonar. Höfundurinn Richard Herring byggir verkið á könnun sem hann gerði á netinu þar sem ýmsum spurningum um höfuðdjásn karlmannsins er svarað. Sýningin hefst klukkan hálfníu á Nasa en húsið opnar klukkan átta.

## SUNNUDAGUR 29. JANÚAR

### BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

### KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýraheim H.C. Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum hins danska höfunds. Björgvin Franz Gíslasson stelur senunni í þessu annars mjög flotta verki. Sýningin var fyrst sett á koppinn í fyrravetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan tvö og er hún sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

### MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. en leikendurnir eða væri nær að segja flytjendur hafa lagt sitt í púkkið. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Áhugaverð sýning.

### TÖFRAFLAUTAN

Í tilefni 250 ára afmælis Mozarts setja nemendur Söngskólans í Reykjavík upp Töfraflautuna sem er ein þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Þetta er ekta ævintýri sem höfðar til allra aldurshópa. Um að gera að skella sér í Iðnó og sjá upprennandi óperustjörnur landsins. Þegar er uppselt á frumsýninguna og einungis þrjár sýningar í boði. Um er að ræða sextán einsöngvara og kór en stjórnandi er Garðar Cortes. Sýningin hefst klukkan þrjú.



### WOYZECK

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu. Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Sýningin hefst kl. 20. Um er að ræða allra síðustu sýningar, þeir sem hafa ekki farið endilega skelli sér.

### SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur í Smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

## MÁNUDAGUR 30. JANÚAR

### TÖFRAFLAUTAN

Í tilefni 250 ára afmælis Mozarts setja nemendur Söngskólans í Reykjavík upp Töfraflautuna sem er ein þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Þetta er ekta ævintýri sem höfðar til allra aldurshópa. Um að gera að skella sér í Iðnó og sjá upprennandi óperustjörnur landsins. Þegar er uppselt á frumsýninguna og einungis þrjár sýningar í boði. Um er að ræða sextán einsöngvara og kór en stjórnandi er Garðar Cortes. Sýningin hefst klukkan átta.

## ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

## MIÐVIKUDAGUR 1. FEBRÚAR

### BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

## FIMMTUDAGUR 2. FEBRÚAR



### MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnt er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. en leikendurnir eða væri nær að segja flytjendur hafa lagt sitt í púkkið. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunar. Áhugaverð sýning.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

### GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Steypibaðsfélagið Stútur í samstarfi við Vesturport setur upp verkið Glæpur gegn diskóinu. Dauður köttur, diskókvöld sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vendipunktar í þessu mannlega ferðalagi um karlmennskuna. Þetta er eitthvað sem verður að kanna. Sýningin er klukkan átta á nýju sviði Borgaleikhússins.

### SALKA VALKA

Íslenska hetjusagan eftir Halldór Laxness er sýnd í Borgarleikhúsinu klukkan átta. Þetta eru síðustu sýningar á þessu góða stykki. Ilmur Kristjánsdóttir fer á kostum sem Salka Valka og einnig Halldóra Geirharðsdóttir sem fer með hlutverk móður Sölku Völku.

### TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpaðfram í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

# Þetta er okkar besta auglýsing!

Nemendur okkar hafa alltaf verið
og munu alltaf verða okkar
besta auglýsing!




Samhliða starfi sínu sem þjónn á kaffihúsi lauk Helgi Þór Guðmundsson námi í Auglýsingatækni. Í framhaldi var hann ráðinn sem sölu- og prentráðgjafi hjá Prentmet. Hann fór svo í Photoshop Expert og hefur nýverið lokið ACE prófinu og er í dag viðurkenndur Photoshop sérfræðingur.

Ríkey Garðarsdóttir var að ljúka Skrifstofu- og rekstrarnámi hjá NTV. Hún fékk vinnu meðan á náminu stóð hjá Menntasviði Reykjavíkurborgar. Hún hætti í kjölfarið að vinna á kvöldin og um helgar eins og hún hafði gert um langan tíma og nýtur þess að vera meira með fjölskyldunni ...

Svavar Friðriksson hafði lengi alið með sér þann draum að reka eigið fyrirtæki. Eftir að hafa lokið Sölu-, markaðs- og rekstrarnámi samhliða vinnu tók hann við Leppin umboðinu sem hann hefur nú rekið í tæpt ár. „Ég lærði allt sem ég þurfti til að geta látið drauminn verða að veruleika!“

**Námskeið í boði á vorönn 2006 - Skráning í fullum gangi í síma 544 4500**

## MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám eða vilja starfa á sviði margmiðlunar og/eða gerð kynningarefnis.

### Auglýsingatækni
156 stundir - Verð: 151.050.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar

### Vefsíðugerð MX 2004
210 stundir - Verð: 165.300.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 14. febrúar

### Photoshop Expert
72 stundir - Verð: 86.450.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 23. febrúar

### Photoshop grunnnám
30 stundir - Verð: 24.700.- Næsta námskeið:
Helgarnámskeið byrjar 25. febrúar

### Myndbandavinnsla
36 stundir - Verð: 32.300.- Næsta námskeið:
Kvöldnámskeið byrjar 19. apríl

## ALMENNT TÖLVUNÁM

### Tölvunám fyrir byrjendur
60 stundir - Verð: 37.050.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 13. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar

### TÖK-tölvunám fyrir byrjendur
78 stundir - Verð: 56.905.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 20. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. febrúar

### TÖK fyrir lengra komna
36 stundir - Verð: 44.650.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 21. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. mars

## SÉRHÆFT NÁM

NTV hefur frá stofnun skólans 1997 lagt mikla áherslu á sérhæft nám sem tengt er alþjóðlegum prófum. Námið er í stöðugri þróun enda markmiðið að mæta þörfinni þar sem hún er mest fyrir störf á þessu sviði.

### Tölvuviðgerðir (Uppselt/Biðlisti)
72 stundir - Verð: 84.550.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. febrúar

### MCP XP netstjórnun
108 stundir - Verð: 122.550.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 9. janúar

### MCSA 2003 netstjórnun
150 stundir - Verð: 265.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. febrúar

### Kerfisstjórinn (Uppselt/Biðlisti)
180 stundir - Verð: 189.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 20. febrúar

### Forritun og kerfisfræði
240 stundir - Verð: 233.700.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. febrúar

## BÓKHALDSNÁM

Kennd eru öll grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald og á Navision tölvubókhaldskerfið. Kennslan tekur mið af raunhæfum verkefnum eins og um lítið fyrirtæki væri að ræða.

### Grunnnám í bókhaldi
108 stundir - Verð: 86.450.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 13. febrúar
Kvöldnámskeið byrjar 13. febrúar (Uppselt/Biðlisti)
Kvöldnámskeið byrjar 6. mars

### Navision viðbótarnám
24 stundir - Verð: 27.550.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 4. apríl
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 3. apríl

## STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Markmið okkar hefur alltaf verið að bjóða upp á hnitmiðuð námskeið þar sem jöfn áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn, þjálfa hann í verki sem og sjálfstæðum vinnubrögðum.

### Skrifstofu- og tölvunám (örfá sæti laus)
258 stundir - Verð: 189.050.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 6. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Fjármál og rekstur
132 stundir - Verð: 125.400.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 14. mars
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 4. apríl

### Sölu- og markaðsnám (örfá sæti laus)
264 stundir - Verð: 189.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Skrifstofunám & hönnun
414 stundir - Verð: 322.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Sölunám & hönnun
420 stundir - Verð: 322.050.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Skrifstofu- og rekstrarnám
462 stundir - Verð: 377.150.- Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 6. febrúar
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

### Sölu-, markaðs- og rekstrarnám
396 stundir - Verð: 298.300.- Næsta námskeið:
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. febrúar

Öll uppgefin verð eru staðgreiðsluverð. Þeir sem greiða námskeiðsgjöld með Visa- eða MasterCard láni njóta einnig staðgreiðslukjara.

ntv.is

NTV | Hlíðasmára 9 | Kópavogi | Sími 544 4500 | www.ntv.is | - viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi